

Náms- og starfsráðgjöf

Október 2007

**Stuðningur foreldra við nám
framhaldsskólanema:
Hvað vilja unglingarnir sjálfir?**

Erna G. Árnadóttir

Leiðbeinendur: Dr. Sif Einarsdóttir
Kristjana Stella Blöndal

Erna G. Árnadóttir
040861-4839

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Útdráttur

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í hvernig unglingar í framhaldsskóla skynja þann stuðning í námi sem þau fá frá foreldrum sínum og hvers konar stuðning þau vilja að foreldrarnir veiti þeim. Mikilvægt er að unglingar í framhaldsskóla fái stuðning, meðal annars til að minnka líkur á brotthvarfi frá námi, og því er brýnt að vita hvað styður þau mest. Rannsóknin var unnin veturinn 2006-2007 með eiginlegum rannsóknaraðferðum. Tekin voru opin viðtöl við sex framhaldsskólanemendur á aldrinum 16-17 ára og einnig við tvo náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að unglingunum fannst mikill styrkur að vita af áhuga foreldra sinna og fá þann námslega stuðning sem foreldrar eru færir um að veita hverju sinni. Einnig kom í ljós að unglingarnir vilja finna fyrir aðhaldi foreldra og að borin sé virðing fyrir því að námið sé þeirra vinna. Unglingarnir leggja mikla áherslu á sjálfstæði sitt en vilja jafnframt vita að þau eigi stuðning foreldranna vísan. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist foreldrum og forráðamönnum framhaldsskólanema til að hvetja og styrkja unglingana sína á árangursríkan hátt. Þær ættu einnig að vera gagnlegar fyrir náms- og starfsráðgjafa og nýtast þeim í samskiptum við foreldra.

Abstract

The purpose of this study was to gain insight into how beginning upper secondary school students perceive the educational support they get from their parents and what type of support they prefer. It is important to understand better what type parental support works for the students because it is one of the factors that reduces drop-out rate. Therefore it is important to turn to the students themselves and ask what kind of educational support is most beneficial to them. Six open interviews with sixteen and seventeen year's old secondary school students were conducted during the winter of 2006-2007. Additionally two guidance counselors in secondary school were interviewed. The results show that the adolescents found great support in knowing about their parent's interest in their education and were willing to seek as much educational support as the parents are able to give. Additional findings show that the adolescents want their parents' supervision and their education being respected as a full-time job. The students put great emphasis on their independence but at the same time they want "appropriate" educational support from their parents. Hopefully these results will be beneficial for parents and guardians of secondary school students. These results have implications for the co-operation of home and schools at the upper-secondary level and can be used to encourage and strengthen the students in a productive manner. These results should also be useful for guidance and vocational counselors that often work as an intermediate between schools and parents.

Formáli

Þessi rannsókn, sem unnin var veturinn 2006 – 2007, er 15 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í Náms- og starfsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin fjallar um hvers konar stuðning við nám unglingum í framhaldsskóla finnist eftirsóknarverðast að fá frá foreldrum sínum. Tekin voru viðtöl við 16 og 17 ára framhaldsskólanemendur með það að markmiði að fá innsýn í hvernig þau skynja þann stuðning sem þau fá frá foreldrum og hvernig þau kjósa að vera studd og hvött áfram í námi.

Áhugi minn á stuðningi í námi og mikilvægi hvatningar á sér langa sögu og tengist bæði persónulegri reynslu og fræðilegum áhuga á efninu. Ég er svo lánsöm að hafa fengið ríkulegan stuðning og mikla hvatningu frá foreldrum mínum, alveg frá upphafi skólagöngu og alla tíð síðan. Stuðningurinn birtist í mörgum myndum, bæði námslegur og tilfinningalegur. Á heimilinu var mikill áhugi á námi almennt og áhersla lögð á gildi þess að mennta sig á því sviði sem hugurinn stóð til. Ég gerði mér mjög fljótt grein fyrir að ég byggi við góðar aðstæður og varð oft hugsað til annarra barna sem ekki gátu reitt sig á stuðning frá foreldrunum. Mér fannst í rauninni óhugsandi að hægt væri að líða vel í skóla og ná árangri í námi nema búa við námslegan stuðning og ómælda umhyggju og hvatningu frá foreldrum.

Þegar unglingur hefur skólagöngu sína í framhaldsskóla fara bæði þroskandi og krefjandi tímar í hönd og fjölskyldan skiptir miklu máli fyrir almenna velferð hans og gengi á námsferlinum. Velgengi í námi og líðan nemandans í skólanum er að miklu leyti háð því við hvernig uppeldisskilyrði hann eða hún býr og hvort og þá hvernig stuðning foreldrar veita. Brotthvarf íslenskra unglunga úr framhaldsskólum er mikið, sérstaklega við upphaf náms. Ástæður þess eru margvíslegar og ekki einfalt að greina þær til hlítar enda er það líklega oftast samspil margra þátta sem verður til þess að unglingur hverfur brott úr námi. Miklu skiptir að unglingurinn sé í góðum tengslum við fjölskyldu sína, að virðing ríki í samskiptum og að reglur og mörk séu skýr. Á ákveðnum tímabilum getur reynt á samband foreldra og unglunga og þá er mikilvægt að foreldrar geri sér far um að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt og í samvinnu við unglinginn eins og

mögulegt er. Hvernig til tekst og hvaða áhrif það hefur á samband foreldris og barns byggir að miklu leyti á hvernig viðmót foreldrar sýna í samskiptum og með hvað hætti þau taka á málum.

Samvinna heimila og skóla er mikilvæg og ekkert síður eftir að nemandinn er kominn í framhaldsskóla. Þar gegna náms- og starfsráðgjafar þýðingarmiklu hlutverki og geta stutt við bakið á foreldrum á margvíslegan hátt, til dæmis með fræðslu um námstækni, leiðbeiningum um hvernig styðja megi unglina í námi og hvernig leita megi lausna á þeim málum sem upp koma. Náms- og starfsráðgafar geta einnig veitt foreldrum framhaldsskólanemenda gagnlegar upplýsingar um námsframboð og möguleika í starfsvali en slíkar upplýsingar geta varnað því að foreldrar og nemendur villist í þeim frumskógi sem fjölbreyttir möguleikar geta virst við fyrstu sýn.

Leiðbeinandi minn við gerð þessa verkefnis var dr. Sif Einarsdóttir, dósent í Náms- og starfsráðgjöf og henni þakka ég uppbyggjandi leiðsögn og veittan stuðning. Meðleiðbeinanda mínum, Kristjönu Stellu Blöndal, þakka ég einnig gagnlegar ábendingar og hvatningu. Margrét Lilja Guðmundsdóttur stundakennari í Félagsvísindadeild H.Í. á þakkir skilið fyrir leiðbeiningar varðandi aðferðafræði rannsóknarinnar og einnig ég vil þakka dr. Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur fyrir hvatningu og ráðgjöf, sem og öllum samnemendum mínum. Ég þakka Guðlaugu Kjartansdóttur, cand. mag., fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Ég vil sérstaklega þakka þeim náms- og starfsráðgjöfum sem veittu mér aðstoð við að finna viðmælendur og ekki síst viðmælendunum sjálfum, bæði framhaldsskólanemunum og náms- og starfsráðgjöfunum. Þeirra framlag er undirstaða rannsóknarinnar.

Að lokum þakka ég fjölskyldu minni mikinn og góðan stuðning. Sérstakar þakkir fær eiginmaður minn, Geir Jóhannsson, fyrir ómælda hvatningu og stuðning. Synir mínir þrír, Árni Heiðar, Einar Jóhann og Arnar Geir, hafa sýnt aðdáunarverða þolinmæði sem ég met mikils. Eins og áður sagði naut ég ríkulegs stuðnings foreldra minna strax frá fyrsta skóladegi og alla tíð síðan. Með fordæmi sínu kenndu þau mér mikilvægi þess að styðja og hvetja og því vil ég tileinka þeim þessa ritgerð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Abstract	3
Formáli	4
1. Inngangur	7
1.1 Brotthvarf úr framhaldsskólum	8
1.2 Uppeldisaðferðir foreldra	11
<i>Áhrif leiðandi uppeldis á unglina</i>	12
<i>Meginþættir leiðandi uppeldis</i>	15
1.3 Stuðningur og hvatning frá foreldrum	17
<i>Stuðningur við unglina í framhaldsskóla og samstarf heimila og skóla</i>	21
1.4 Rannsóknarspurningar	23
2. Aðferð	25
2.1 Þátttakendur	25
2.2 Framkvæmd	26
2.3 Úrvinnsla gagna	27
3. Niðurstöður	29
3.2 Hvaða stuðning kjósa unglignarnir?	32
<i>Námslegur stuðningur</i>	32
<i>Aðhald og áhugi</i>	33
<i>Sjálfstæði og virðing</i>	35
<i>Hvatning</i>	36
<i>Stuðningur sem ekki gagnast</i>	40
3.3 Breytilegar þarfir fyrir stuðning	41
4. Umræða	45
4.1 Leiðandi uppeldi og stuðningur foreldra	46
<i>Stuðningur sem gagnast</i>	47
4.2 Breytilegar þarfir fyrir stuðning	50
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	52
5. Lokaorð	54
Heimildaskrá	56

1. Inngangur

Flestir íslenskir unglingar hefja nú nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla og hefur nemendum fjölgað ár frá ári (Hagstofa Íslands, 2007). Þó fjöldi nýnema hafi aukist á síðustu árum bera ekki allir gæfu til að brautskrást og brotthvarf úr framhaldsskóla er mikið hér á landi. Mest er það fljótlega eftir upphaf náms (Hagstofa Íslands, 2004). Ástæður þessa mikla brotthvarfs eru margvíslegar og ýmsir samverkandi þættir koma við sögu, sem eiga sér jafnvel langan aðdraganda. Rannsóknir sýna meðal annars tengsl félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra við brotthvarf ungmenna (Goldschmidt og Wang, 1999; McNeal, 1999; Pong og Ju, 2000; Rumberger, 1995) og að slakur námsárangur geti leitt til brotthvarfs (Goldschmidt og Wang, 1999; Rumberger, 1995). Mikilvægt er að unglingar í framhaldsskóla fái stuðning og hvatningu frá foreldrum sínum til að þeir hverfi síður frá námi, en íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli stuðnings foreldra og brotthvarfs úr framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002) og sömuleiðis að uppeldisaðferðir foreldra tengist brotthvarfi (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005).

Með hækkuðum sjálfræðisaldri (Lögræðislög nr. 71/1997) ber foreldrum nú bæði skylda og réttur til að tryggja persónulega hagi barna sinna til 18 ára aldurs. Unglingarnir eru því ekki orðnir sjálfráða fyrstu árin í framhaldsskóla og hafa foreldrar í auknum mæli haft samband við starfsfólk skólanna til þess að ræða stöðu barna sinna (Elín Thorarensen, 2004). Þó foreldra skorti ekki viljann til að styðja við unglingana á sem árangursríkastan hátt getur verið erfitt að átta sig á hvernig stuðning unglingarnir sjálfir helst kjósa. Því er mikilvægt að foreldrar fái innsýn í aðstæður unglinga á framhaldsskólastigi og öðlist skilning á þeirra þörfum, sem jafnvel gæti orðið liður í að minnka hið mikla brottfall sem er staðreynd í íslensku skólakerfi.

Rannsóknir sýna að stuðningur foreldra dregur úr líkum á að nemendur hverfi frá námi og þörf er á að kanna enn frekar hvers konar stuðningur gagnast þeim best (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Í því skyni er góður

kostur að taka viðtöl við unglíngana sjálfa og öðlast þannig betri innsýn í þeirra heim (Jeynes, 2007). Ungmennu á aldrinum 16-18 ára standa á tímamótum á margan hátt og eru á mörkum unglings- og fullorðinsára. Hlutverk foreldra gagnvart námi nemenda í framhaldsskólanum er því oft óljóst. Skólaskyldu er lokið en þau eru þó ekki orðin sjálfráða einstaklingar heldur enn á ábyrgð foreldra sinna. Því er brýnt að kanna hvers konar stuðning unglíngar á fyrstu árum í framhaldsskóla vilja fá frá foreldrum sínum og hvað gagnast þeim best til að ná settum námsmarkmiðum.

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í hvernig 16 og 17 ára unglíngar í framhaldsskólanámi upplífa þann stuðning sem þau fá frá foreldrum sínum og hvers konar stuðning og hvatningu þau vilja fá. Niðurstöðurnar má nýta fyrir foreldra og vonandi geta þær hjálpað þeim í samskiptum við unglíngana sína. Þær eru einnig gagnlegar fyrir náms- og starfsráðgjafa, því samstarf við foreldra er mikilvægur þáttur í þeirra starfi. Sérstaklega má gera ráð fyrir virku samstarfi á fyrstu árum unglínganna í skólanum, á meðan þeir eru ekki sjálfráða og ekki ólíklegt að þetta eigi enn eftir að aukast í framtíðinni þar sem þessar breytingar á sjálfræðisaldri eru tiltölulega nýlegar í íslensku samfélagi.

1.1 Brotthvarf úr framhaldsskólum

Hagstofa Íslands tekur saman upplýsingar um brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum landsins. Stuðst er við þá skilgreiningu á brotthvarfi að nemendur sem eru í framhaldsskóla tiltekið skólaár en skrá sig ekki í skóla næsta skólaár, án þess þó að hafa útskrifast í millitíðinni, teljist til brotthvarfsnema (2004). Hafa ber þó í huga að hluti nemenda hefur nám að nýju og tekur upp þráðinn síðar. Milli áráanna 2002 og 2003 nam brotthvarf nemenda úr íslenskum framhaldsskólum tæplega 20% (Hagstofa Íslands, 2004). Samkvæmt upplýsingum frá OECD (2005) er brotthvarf frá námi hér á landi mun meira en til dæmis á hinum Norðurlöndunum. Árið 2002 höfðu um 30% ungmenna á aldrinum 20-24 ára ekki lokið framhaldsskóla á Íslandi samkvæmt skilgreiningu OECD en hlutfallið var rúmlega 8% í Svíþjóð, um 12% í Danmörku og tæplega 5% í Noregi, en upplýsingarnar fyrir Noreg eiga við árið 2003.

Í viðamikilli rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) kom fram að rúmlega 40% árgangsins sem fæddur er árið 1975 hafði ekki

lokið framhaldsskóla við 24 ára aldur. Áður hafði verið gerð sambærileg rannsókn á námsferli ungmenna sem fæddust árið 1969 og leiddi hún í ljós að tæplega helmingur þess árgangs hafði ekki lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992). Af þeim brotthvarfshópi sem rannsókn Jóns Torfa og Kristjónu Stellu náði til hafði rúmlega helmingur ungmennanna lokið minna en ársnámi þegar þau hættu í skóla og um 80% hættu með minna en tveggja ára nám að baki (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Mikilvægt er að átta sig á því að þegar unglingar hætta í skóla er um að ræða hluta af virku ferli sem átt hefur sér langan aðdraganda (Astone og McLanahan, 1991; Beekhoven og Dekkers, 2005; Rumberger, Ghatak, Poulos, Ritter og Dornbusch, 1990). Oft hefur þeim vegnað illa um langt skeið og skólasókn jafnvel verið dræm frá upphafi skólagöngu, sem endar svo með að nemandinn hættir (Astone og McLanahan, 1991).

Til þess að geta brugðist við þeim vanda sem þetta mikla brotthvarf hefur í för með sér er mikilvægt að skilja af hverju unglingar hverfa frá námi án þess að ljúka því (Rumberger, 2004). Í því skyni hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir undir merkjum ýmissa vísindagreina, svo sem sálfræði, félagsfræði, mannfræði og hagfræði (Rumberger, 1995). Hins vegar er nokkrum erfiðleikum bundið að skilgreina ástæður brotthvarfs því þær geta verið margvíslegar og beinst bæði að einstaklingnum sjálfum eða fjölskyldunni, skólanum og samfélaginu sem einstaklingurinn býr í (Rumberger, 2004).

Rumberger (2004) skiptir rannsóknnum á ástæðum brotthvarfs í tvo hópa eftir því í hvaða samhengi brotthvarfið er skoðað; það er, hvort áherslan er á *einstaklings-* eða *stofnanabundna* þætti. Í rannsóknnum á einstaklingsbundnum þáttum (e. individual perspective) er athyglinni beint að hegðun, gildum og viðhorfum nemandans og hvernig þessir þættir hafa áhrif á þá ákvörðun hans að hætta í skóla. Margar rannsóknir hafa sýnt að slakur námsárangur getur spáð sterklega fyrir um brotthvarf (Goldschmidt og Wang, 1999; Rumberger, 1995) og einnig eru tengsl milli fjarvista og brotthvarfs úr námi (Carbonaro, 1998; Rumberger, 1995). Brotthvarfshættan eykst ef nemendur skipta oft um skóla, hvort sem það er vegna breytinga á búsetu eða af öðrum orsökum (Astone og McLanahan, 1994; Rumberger, 1995; Swanson og Schneider, 1999) eða ef unglingar eru meira en 20 klukkustundir á viku í launaðri vinnu með skólanum (Goldschmidt og Wang, 1999; Warren og Lee, 2003). Að lokum má nefna tengsl

brotthvarfs við fjölmarga persónulega þætti, til dæmis tungumálakunnáttu. Það eru því margir þættir sem tengjast einstaklingnum sem geta haft áhrif á brotthvarf og oft er það samspil margra þessara þátta sem verður til þess að nemandi hverfur frá námi (Rumberger, 2004).

Ef hugað er að stofnanabundnum þáttum (e. institutional perspective) sem hafa áhrif á brotthvarf unglunga má skipta þeim í fjölskyldu- og skólaþætti, samfélagsáhrif og félaga. Fjölskylduaðstæður nemandans er sá þáttur sem hefur mest áhrif á hvernig honum vegnar í skóla. Mikil áhersla hefur verið lögð á að rannsaka efnahags- og félagslega stöðu foreldra og samsetningu fjölskyldunnar (e. family structure). Niðurstöður hafa sýnt að félags- og efnahagsleg staða foreldra, en oftast er miðað við menntun og tekjur þegar hún er metin, hafi mikið forspárgildi fyrir námsárangur og brotthvarf (Goldschmidt og Wang, 1999; McNeal, 1999; Pong og Ju, 2000; Rumberger, 1995). Einnig sýna rannsóknir að börn einstæðra foreldra og stjúpforeldra eru líklegri til að hætta námi en börn sem búa hjá báðum foreldrum (Astone og McLanahan, 1991; Goldschmidt og Wang, 1999; McNeal, 1999; Rumberger, 1995).

Skólarnir sjálfir virðast geta haft áhrif á námsárangur nemenda og hvort þeir hætta eða ljúka námi (Rumberger, 2004) og sömuleiðis geta þættir í samfélaginu og félagahópar haft áhrif. Má þar nefna ef systkini eða vinur hættir í námi getur það haft áhrif (Carbonaro, 1998; Rumberger og Thomas, 2000).

Rumberger (1995) benti á að flestar rannsóknir á fjölskyldunni hefðu einblínt á formgerð hennar (e. structural characteristics), svo sem félags- og efnahagslega stöðu og fjölskyldugerð, en minni áhersla hefði verið lögð á að kanna hvað einkennir samskipti fjölskyldna og hvernig foreldrar bera sig að. Í því sambandi er talað um að greina þau ferli (e. processes) sem að baki liggja og áhrif hafa á námsgengi. Með þessu er til dæmis átt við *stuðning foreldra* (e. parental involvement) og *uppeldisaðferðir foreldra* (e. parenting style). Undir þessi sjónarmið taka Strage og Brandt (1999) og finnst brýnt að beina sjónum að því að skoða hvað einkennir samskipti foreldra og unglunga og hvaða uppeldisaðferðir foreldrar hafi notað á uppvaxtarárum barna sinna. Feuerstein (2000) benti sömuleiðis á að þó rannsóknir sýni að félags- og efnahagslegar aðstæður hafi áhrif á námsgengi ungmenna gefi þær litla innsýn í hvað það raunverulega er við aðstæður unglingsins sem veldur góðu eða slæmu gengi í námi. Ef til vill mætti

minnka áhersluna á félags- og efnahagslegar ástæður og beina rannsóknum að því að skoða samskipti foreldra og barna.

Hérlendis var nýlega gerð rannsókn á tengslum uppeldisaðferða foreldra við brotthvarf frá námi í framhaldsskóla (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að uppeldisaðferðir foreldra tengdust brotthvarfi unglunga frá námi, þótt tekið væri tillit til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra, kynferðis unglunganna og fyrri námsárangurs. Áður hafði íslensk rannsókn sýnt fram á tengsl milli stuðnings foreldra og brotthvarfs úr framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þessar rannsóknir sýna að uppeldisaðferðir og stuðningur foreldra hafa áhrif, óháð efnahagslegri stöðu og námsgengi nemenda. Því er mikilvægt að kanna frekar í hverju þessi stuðningur felst og fá fram hvers konar stuðning framhaldsskólanemar kjósa helst að fá frá foreldrum sínum. Slík vitneskja mun gagnast öllum unglungum í framhaldsskólum og foreldrum þeirra og ekki síst mun það verða vegvísir fyrir þá sem eru í mestri brotthvarfshættu.

1.2 Uppeldisaðferðir foreldra

Í ljósi þess að niðurstöður hafa sýnt að uppeldisaðferðir foreldra tengjast brotthvarfi unglunga frá námi er mikilvægt að skoða betur hvað í uppeldinu getur haft þessi áhrif. Frá því um miðja tuttugustu öld hafa margar rannsóknir beinst að því að skoða mismunandi uppeldisaðferðir foreldra og hvaða áhrif hinar ólíku aðferðir hafa á þroska barna og unglunga. Ein áhrifamesta kenningin á því sviði er kenning Díönu Baumrind (Baumrind, 1971, 1991; Durkin, 1995). Baumrind rannsakaði uppeldisaðferðir og skipti þeim í fjóra flokka eftir því hvað einkenndi uppeldishætti foreldra: *leiðandi* (e. authoritative), *skipandi* (e. authoritarian), *eftirlátir* (e. permissive) og *afskiptalausir* (e. rejective-neglective) foreldrar. Þó skilgreiningar þessara fjögurra flokka taki einhverjum breytingum eftir aðstæðum hverju sinni eru viss grundvallaratriði sem einkenna hvern og einn (Baumrind, 1991).

Leiðandi foreldrar eru ákveðnir en hlýlegir í samskiptum og stjórna börnum sínum og unglungum af mildi. Aðhaldi er beitt í uppeldinu en börnin alast jafnframt upp við hvatningu, ástríki og viðurkenningu. Þau eru hvött til sjálfstæðis og samskipta og tekið er tillit til skoðana þeirra. Foreldrar leiðbeina og útskýra

eftir þörfum og taka í því sambandi mið af þroska og þörfum barnanna. (Baumrind, 1966, 1971, 1991; Durkin, 1995). *Skipandi* foreldrar reyna á hinn bóginn að stjórna hegðun barna sinna og unglunga og skipa þeim að hlíta settum reglum án útskýringa. Þeir takmarka sjálfstæði barnanna og hvetja ekki til skoðanaskipta heldur vilja að þeirra orð séu tekin góð og gild (Baumrind, 1966, 1971, 1991). Skipandi foreldra skortir oft hlýju í samskiptum og láta vanþóknun sína auðveldlega í ljós ef barnið brýtur af sér (Durkin, 1995). *Eftirlátir* foreldrar láta auðveldlega undan löngunum barna sinna og hafa ekki trú á refsingum. Þeir ráðfæra sig gjarnan við börnin við ákvarðanatökur, taka mildilega á málum og gera litlar kröfur til barnanna. Börnunum er leyft að taka stjórnina í sínar hendur og þurfa hvorki að hlýða foreldrum sínum né hlíta öðrum reglum (Baumrind, 1966, 1971, 1991). *Afskiptalausir* foreldrar gera hvorki kröfur til barna sinna né veita þeim stuðning. Þeir beita ekki nauðsynlegu aðhaldi í uppeldinu og sýna þar með ákveðið ábyrgðarleysi. Stundum er jafnvel réttara að tala um skeytingarleysi foreldra og að þeir vanræki uppeldishlutverkið (Baumrind, 1971, 1991).

Af ofangreindu má sjá, líkt og Baumrind (1989) hélt fram, að ákjósanlegast er að börn og unglingar alist upp við leiðandi uppeldi. Slíkt uppeldi er gott veganesti fyrir þau þroskaverkefni sem mæta einstaklingnum á mismunandi aldurs skeiðum. Því er mikilvægt að skoða nánar hvaða áhrif leiðandi uppeldi hefur á líf unglunga og sérstaklega þó á velgengni þeirra í námi.

Áhrif leiðandi uppeldis á unglunga

Rannsóknir sýna að unglingar eru ólíklegri til að hætta í námi ef þeir búa við hlýju og viðurkenningu, eiga foreldra sem styðja og hvetja þá til sjálfstæðra ákvarðana og sýna námi þeirra áhuga en unglingar sem ekki búa við slíkt atlæti. Slíkt uppeldi er kennt við leiðandi uppeldi. (Astona og McInahan, 1991; Rumberger, 1995; Rumberger, Ghatak, Poulos, Ritter og Dornbusch, 1990; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005).

Leiðandi uppeldishættir fela ekki í sér að allir leiðandi foreldrar beri sig eins að í uppeldinu eða beiti sömu reglum. Viðhorf og framkoma foreldra skiptir miklu máli svo og það andrúmsloft sem ríkir á heimili fjölskyldunnar. Umhyggja og hlýja í samskiptum, viðurkenning og virðing fyrir skoðunum annarra eru því ríkir þættir í uppeldi leiðandi foreldra. Það eru þessir tilfinningalegu þættir sem móta

umhverfið sem barnið elst upp í og gera það að verkum að góður árangur næst í uppeldinu (Darling og Steinberg, 1993).

Ekki er nauðsynlegt að báðir foreldrar á heimilinu noti leiðandi uppeldisaðferðir svo kostir þeirrar aðferðar nái að setja sitt mark á uppeldið. Munur á aðstæðum unglunga eftir því hvort annað foreldrið eða bæði eru leiðandi í uppeldinu er miklu minni heldur en munurinn þar sem annars vegar eru unglingar með annað foreldrið leiðandi og hins vegar unglingar sem alast upp hjá báðum foreldrum sem eru skipandi, eftirlátir eða jafnvel afskiptalausir. Samræmi beggja foreldra í uppeldinu er ekki eins mikilvægt á unglingsárum eins og það er þegar börnin eru lítil, heldur er vænlegra fyrir ungling að annað foreldrið á heimilinu sé leiðandi en að fara algjörlega á mis við slíkt uppeldi (Steinberg, 2001).

Kenning Baumrind var lengi vel aðallega notuð til grundvallar rannsóknum á aðstæðum barna en seinna var einnig farið að byggja á henni rannsóknir á högum unglunga (Lamborn, Mounts, Steinberg og Dornbusch, 1991; Steinberg, 2001). Þær niðurstöður sýndu að unglungum leiðandi foreldra vegnaði betur á mörgum sviðum, meðal annars í námi (Dornbusch, Ritter, Leiderman, Roberts og Fraleigh, 1987; Lamborn o.fl., 1991; Steinberg, Elmen og Mounts, 1989; Steinberg, Lamborn, Darling, Mounts og Dornbusch, 1994; Steinberg, Lamborn, Dornbusch og Darling, 1992; Steinberg, Mounts, Lamborn og Dornbusch, 1991). Niðurstöður ofangreindra rannsókna á unglungum sýndu að þau ungmenni sem bjuggu við leiðandi uppeldi sýndu meiri sálrænan þroska og geðheilbrigði eftir að á unglingsár var komið heldur en jafnaldrar þeirra sem ekki hlutu þess háttar uppeldi. Þeim gekk einnig betur í skóla, sýndu síður einkenni þunglyndis og kvíða, höfðu meira sjálfsálit og ríkari aðlögunarhæfni en aðrir unglingar og voru ólíklegri til að tileinka sér óæskilega hegðun, eins og eiturfjandrotkun og að stunda afbrot. Langtímarannsókn meðal unglunga (Steinberg, Elmen o.fl., 1989; Steinberg, Lamborn, Darling o.fl., 1994) sýndi sambærilegar niðurstöður og leiddi í ljós að þeir unglingar sem ekki fengu mildilegt aðhald höfðu frekar tilhneigingu til að missa fótanna á unglingsárum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að leiðandi uppeldi í æsku sé gott veganesti út í lífið og geti átt sinn þátt í að beina unglungum á farsæla braut. Slicker (1998) fannst mikilvægt að rannsaka hvort þessi sterku tengsl milli uppeldisaðferða foreldra við aðlögunarhæfni barna og unglunga væru enn til staðar á efri hluta unglingsára. Rannsókn hennar beindist því að ungmennum á aldrinum 16-20 ára og voru niðurstöður á sömu lund, ungmenni

sem töldu sig hafa búið við leiðandi uppeldi vegnaði betur og höfðu aðlagast betur.

Þær rannsóknir sem nefndar voru hér að framan hafa allar sýnt fram á að unglingar sem alast upp á heimilum, þar sem leiðandi uppeldisaðferðir eru við hafðar, vegnar betur í skóla en jafnöldrum þeirra sem ekki alast upp við slíkar aðstæður. Eftir að hafa gert langtímarannsókn á áhrifum uppeldis á frammistöðu 14-18 ára unglunga í námi gengu Steinberg, Lamborn, Dornbusch o.fl. (1992) skrefi lengra og sögðu að leiðandi uppeldi *leiddi* til þess að unglingum gengi betur í námi. Í ljós kom að stuðningur foreldra við nám unglinganna sinna er líklegri til þess að stuðla að velgengni í námi ef hann á rætur í umhverfi sem einkennir leiðandi uppeldi. Þetta þýðir að stuðningur og hvatning frá þeim foreldrum sem nota leiðandi uppeldisaðferðir er árangursríkari en stuðningur foreldra sem nota aðrar aðferðir við uppeldið. Raunar kom í ljós að stuðningur og hvatning foreldra hafði ekki áhrif á frammistöðu unglunga ef *ekki* var um leiðandi uppeldi að ræða, það er, þegar stuðningurinn átti ekki upptök í umhverfi leiðandi uppeldisaðferða. Það virðist því vera jafnmikilvægt *hvernig* foreldrar styðja og hvetja eins og hvort þeir gera það eða að hve miklu leyti það er gert (Steinberg, 2001; Steinberg, Lamborn, Dornbusch o.fl., 1992).

Af framangreindu má sjá að uppeldisaðferðir halda vissulega áfram að hafa áhrif á unglingsárum. Áhrifin eru bæði bein og óbein, því unglingarnir búa að þeim grunni sem lagður var í uppeldinu í æsku og þeirra gætir áfram vegna reglulegra samskipta við foreldrana. Þessi áhrif er sérstaklega að finna hjá unglingum á framhaldsskólaaldri sem enn búa í foreldrahúsum og eru í daglegum samskiptum við foreldra sína (Slicker, 1998). Í rannsókn Strage og Brandt (1999) á tengslum uppeldisaðferða við námsárangur háskólanema kom í ljós að þau voru jafnstærk hjá ungmennum sem bjuggu í foreldrahúsum og þeim sem flutt voru að heiman. Rannsakendum fannst niðurstaðan undirstrika mikilvægi uppeldisaðferða foreldra og hve áhrifa þeirra gætir lengi, eða alveg fram á fullorðinsár.

Steinberg (2001) nefnir þrjár ástæður fyrir því hvers vegna leiðandi uppeldi gefi svo góða raun: Í fyrsta lagi vegna þess að uppeldið og sá stuðningur sem foreldrar veita barni sínu geri það jafnframt móttækilegra fyrir áhrifum frá þeim og stuðli að árangursríkari félagsmótun. Í öðru lagi auðveldi hin hæfilega blanda af stuðningi og aðhaldi barninu að þroska með sér sjálfstæði og verða ábyrgur einstaklingur og í þriðja lagi stuðli þau munnlegu samskipti sem eru einkennandi í

leiðandi uppeldi að vitsmuna- og félaglegri hæfni sem einnig nýtist í samskiptum utan fjölskyldunnar. Því er óhætt að segja að þeir eiginleikar sem leiðandi uppeldi ýtir undir, eins og til dæmis sjálfsöryggi og vilji til að standa sig vel, séu eftirsóknarverðir og dýrmætir í samskiptum, bæði í starfi og einkalífi (Steinberg, 2001).

Vegna þess að þær rannsóknir sem greint hefur verið frá hér að ofan sýna að leiðandi uppeldi skapar góð skilyrði til þroska væri ekki úr vegi að skoða nánar á hverju það byggir.

Meginþættir leiðandi uppeldis

Leiðandi uppeldi er fjölþætt hugtak og ekki er alltaf auðvelt að segja til um hvaða þættir það eru innan þess sem leiða til ákveðinna niðurstaðna í rannsóknum (Steinberg, Elmen o.fl., 1989). Rannsakendur hafa því beint sjónum sínum að þeim meginþáttum sem telja má að séu uppistaða leiðandi uppeldis, en það eru *stuðningur foreldra*, *viðurkenning* þeirra og *hegðunarstjórn* (Gray og Steinberg, 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Sliker, 1998; Steinberg, Elmen o.fl., 1989). Með stuðningi (e. involvement) er átt við hvort börn og unglingar skynji hlýju frá foreldrum sínum, fái nauðsynlegt aðhald í anda stuðnings og hvort þau séu hvött til að standa sig vel. Viðurkenning (e. psychological autonomy granting) vísar til þess hvort foreldrar virði hugmyndir og skoðanir barna sinna og hvetji þau til að láta þær í ljós, sýni umburðarlyndi og taki tillit til mismunandi þarfa. Sálræn stjórn foreldra er andstæða viðurkenningar og felur í sér ásakanir foreldra á hendur barna sinna og að gera lítið úr skoðunum þeirra. Með sálrænni stjórn er tilhneiging til að ráðskast með líf barnanna og setja út á þau og gerðir þeirra. Hegðunarstjórn (e. behavioral control) vísar til þess hvernig foreldrar stjórna hegðun barna sinna og að hvaða marki þau setji mörk í uppeldinu og beiti aðhaldi. Hegðunarstjórn felur í sér að stjórna hegðun, en sálræn stjórn beinist að tilfinningum og því er skýr munur þar á (Gray og Steinberg, 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Slicker, 1998).

Niðurstöður rannsókna Gray og Steinberg (1999) og Steinberg, Elmen o.fl. (1989), sem báðar voru gerðar á unglingum, bentu til að þessir þrjú þættir leiðandi uppeldis: *stuðningur*, *viðurkenning* og *hegðunarstjórn* tengdust námsárangri unglunga. Því meiri stuðning og viðurkenningu sem unglingar hljóta frá foreldrum sínum þeim mun betur vegnar þeim í skóla og einkunnir verða hærri. Hvað

hegðunarstjórn varðar þá fá þeir unglingar sem búa við miðlungs hegðunarstjórn foreldra sinna hærrí einkunnir að jafnaði en þeir sem búa við mikla hegðunarstjórn (Gray og Steinberg, 1999).

Í íslenskri rannsókn voru könnuð tengsl uppeldisaðferða foreldra við brotthvarf unglunga frá námi (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Rannsókninni var beint að þeim þremur þáttum leiðandi uppeldis sem áður voru nefndir: stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn. Áður höfðu Rumberger, Ghatak, Poulos, Ritter og Dornbusch (1990) fengið þá niðurstöðu að unglingar eftirlátra foreldra væru líklegri til að hætta í námi en nemendur sem ættu leiðandi og skipandi foreldra. En hópur brotthvarfsnemenda var of fámennur til að hægt væri að taka tillit til annarra þátta, eins og til dæmis félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra. Niðurstöður langtímarannsóknar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristjönu Stellu Blöndal (2005) bentu til að uppeldisaðferðir foreldra við 14 ára aldur tengdust brotthvarfi unglunganna frá námi að sjö árum liðnum, eða þegar þau höfðu náð 22 ára aldri. Tengsl uppeldisþáttanna þriggja, það er stuðnings, viðurkenningar og hegðunarstjórnar, við brotthvarf frá námi voru mismikil. Þeir unglingar sem sögðust hafa stuðning frá foreldrum sínum voru líklegri til þess að hafa lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur en þeir sem töldu sig lítinn stuðning fá. Þeir sem upplifðu viðurkenningu foreldra sinna við 14 ára aldur voru líklegri til að hafa lokið framhaldsskólanámi við 22 ára aldur en þeir unglingar sem töldu sig búa við sálræna stjórn foreldra sinna. Hegðunarstjórn foreldra tengdist hins vegar aðeins brotthvarfi frá námi þegar ekki var tekið tillit til hinna tveggja þáttanna. Má því draga þá ályktun að uppeldisþættirnir stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn tengist brotthvarfi frá námi en tveir fyrrnefndu þættirnir tengist sterkar en sá síðastnefndi.

Niðurstöður Sigrúnar og Kristjönu Stellu eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar Gray og Steinberg (1999) og eru þessar tvær rannsóknir meðal fárra rannsókna sem kannað hafa tengsl milli uppeldisaðferða foreldra og brotthvarfs unglunga frá námi (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Það sem styrkir íslensku rannsóknina og gerir hana enn athyglisverðari er í fyrsta lagi hve langt tímabil hún nær yfir, eða frá því ungmennin voru 14 ára þar til þau höfðu flest náð 22 ára aldri. Í öðru lagi sökum þess að tekið var tillit til félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra, námsárangurs ungmennanna á samræmdu prófi í 10. bekk og kyns þátttakenda þegar tengsl milli uppeldisaðferða og brotthvarfs var

skoðað. Að teknu tilliti til þessara atriða benda niðurstöður til þess að uppeldisaðferðir foreldra tengist brotthvarfi ungmenna frá námi í framhaldsskóla.

Þar sem margar rannsóknir gefa til kynna að leiðandi uppeldisaðferðir tengist velgengni unglunga í skóla hafa fræðimenn velt því fyrir sér hvað liggja þar að baki (Spera, 2006). Durkin (1995) nefnir þrjár mögulegar ástæður sem geti skýrt það: Í fyrsta lagi vegna þess að barnið finni meira tilfinningalegt öryggi hjá leiðandi foreldrum sem leiði til betri líðan og sjálfstæðis. Barnið fái þau skilaboð að það sé metið að verðleikum og sjálfsöryggi þess vex. Spera (2006) bendir á að þessar aðstæður hjálpi til við að börn njóti velgengni í skóla. Í öðru lagi gæti það verið vegna þess að foreldrar útskýra fyrir börnunum skyldur þeirra og ábyrgð og þar með aukist líkur á að foreldrar og börn hafi svipaðar væntingar um sameiginleg markmið, einnig námsmarkmið. Þriðji möguleikinn gæti verið sá að foreldrar leggi áherslu á að börn þeirra fái tækifæri til að láta skoðun sína í ljós og á þau sé hlustað af virðingu. Slíkt eykur samskiptahæfni barna og nýtist því vel í félagahópnum. Spera (2006) telur að þessir eiginleikar hjálpi börnum að ná árangri í skóla, bæði námslega og félagslega.

Eins og rannsóknir benda til, og fjallað hefur verið um hér, eiga leiðandi uppeldishættir foreldra, sem meðal annars einkennast af stuðningi, sinn þátt í að stuðla að velgengni unglunga í námi og koma í veg fyrir að þau hverfi frá námi áður en því er formlega lokið. Rannsókn Sigrúnar og Kristjönu Stellu (2005) leiddi í ljós að þeir unglingar sem töldu sig fá stuðning frá foreldrum sínum voru líklegri til þess að ljúka framhaldsskóla en þeir sem töldu sig lítinn stuðning hljóta. Þetta kallar á að stuðningi foreldra sé nánari gaumur gefinn. Þær rannsóknir sem um efnið fjalla byggjast í flestum tilvikum á spurningalistum þar sem fyrirfram ákveðnar spurningar um stuðning foreldra eru lagðar fyrir unglunga. Mikilvægt er að fá sýn unglingsins á hvað hann eða hún skynjar sem stuðning í námi og hvernig stuðning ungmenni á framhaldsskólaaldri kjósa að fá við námið. Því er nauðsynlegt að spyrja ungmennin sjálf hvað þeim finnist vera stuðningur og fá þau til að lýsa með eigin orðum hvers konar stuðning þau helst kjósa.

1.3 Stuðningur og hvatning frá foreldrum

Uppeldi barna og unglunga er með ýmsu móti, en foreldrar og aðrir sem sinna uppeldishlutverki leggja sig jafnan fram um að veita stuðning í uppeldinu þó

birtingarmyndir hans séu ólíkar. Hér á eftir verður fjallað um hvaða áhrif stuðningur foreldra hefur á nám og námsgengi.

Fjöldi rannsókna hefur verið gerður á *stuðningi foreldra* við skólagöngu barna og unglunga (e. parental involvement) sem notað hefur verið sem regnhlífarhugtak fyrir mismunandi athafnir sem sýna stuðning foreldra, bæði í skólatengdum athöfnum og öðrum þeim sem stuðlað geta að velgengni barna þeirra í námi (Anguiano, 2004). Foreldrar sýna stuðning sinn með því að vera til staðar fyrir börnin og taka þátt í því sem á daga þeirra drífur. Mikill stuðningur felst til að mynda í að sýna viðfangsefnum þeirra áhuga, til dæmis náminu og lífinu innan veggja skólans (Gonzalez, 2006).

Þrátt fyrir að stuðningur foreldra við nám hafi verið viðfangsefni margra rannsókna hefur ekki alltaf tekist að skilgreina hugtakið sjálft nógu skýrt. Í ljósi þess að fræðimenn eru ekki á einu máli um hvað hugtakið felur í sér kemur ekki á óvart að niðurstöður rannsókna skuli vera ósamhljóma og jafnvel misvísandi (Fan, 2001; Fan og Chen, 2001; McNeal, 1999). Flestar rannsóknir styðja þá fullyrðingu að stuðningur foreldra stuðli að auknum námsárangri (Fan og Chen, 2001) en sumar sýna lítil eða engin tengsl þar á milli (Keith, Reimers, Fehrmann, Pottebaum og Aubey, 1986; Natriello og McDill, 1986). Rannsóknir sem beinast að unglungum geta sýnt misvísandi niðurstöður eða jafnvel engin tengsl, vegna þess að þeim er svo mikið í mun að sýna sjálfstæði og forðast að virðast háðir foreldrum sínum (Fan, 2001). Fan bendir einnig á að það geti haft áhrif á niðurstöður að upplýsingar um stuðning í námi og skilgreiningar á hvað felist í stuðningi foreldra við nám komi frá mismunandi aðilum. Hann á við að rannsóknir á stuðningi foreldra geti byggst ýmist á upplýsingum frá nemendum, foreldrum eða kennurum og segir vísbendingar um mismunandi niðurstöður eftir því hverjir taki þátt í rannsókninni.

Líklega er réttast að tala um að hugtakið *stuðningur foreldra* við nám sé margþætt í eðli sínu og því nauðsynlegt að skilgreina hverju sinni hvaða þætti stuðnings verið er að fjalla um (Fan, 2001; Fan og Chen, 2001). Það gefur auga leið að ef stuðningur foreldra er í einni rannsókn skilgreindur sem eftirlit eða aðhald þeirra en í þeirri næstu sem væntingar foreldra um námsgengi þá geta niðurstöður stangast á og valdið ruglingi (Fan, 2001). Fan og Chen (2001) gerðu allsherjargreiningu (e. meta-analysis) á stuðningi foreldra, sem felur í sér tölfraðilega samantekt á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á

viðfangsefninu. Niðurstöður greiningarinnar leiddu í ljós jákvæð tengsl milli stuðnings foreldra og námsárangurs, en þau voru mismikil eftir þáttum. Aðhald foreldra með heimanámi hafði minnst tengsl við námsrárangur en væntingar foreldra til námsgengis barna þeirra tengdust námsrárangri sterkast.

McNeal (1999) flokkar stuðning foreldra í fjóra þætti í rannsókn sinni meðal unglunga, þar sem hann rannsakar hvaða áhrif stuðningur hefur á námsgengi, skróp og brotthvarf. Hann gerði sér ljóst mikilvægi þess að skilgreina stuðning foreldra og lagði sig fram við að skoða tengsl stuðnings við brotthvarf unglunga úr námi svo dæmi sé nefnt. Þar sem rannsóknin sem sagt verður frá hér á eftir beinist að framhaldsskólanemum er mikilvægt að skoða hvað McNeal segir um stuðning við unglunga. Í fyrsta lagi ber að nefna *samræður milli foreldra og barna*, þar sem rætt er um skólann og það sem honum tengist. Umræðuefnið er til dæmis námsefnið, námsval og lífið í skólanum. Slíkar umræður eru mikilvægar, því þær opna augu barna og unglunga fyrir gildi fræðslu og menntunar. Þegar foreldrar sýna námi barna sinna áhuga, bæði því sem þau eru að fást við dags daglega og því sem framundan er, eru meiri líkur á að þau leggi sig fram við að ná góðum árangri og jafnframt eru þau ólíklegri til að taka upp óæskilega hegðun á borð við að skrópa.

Í öðru lagi er *þátttaka foreldra í foreldra- og kennarafélagi skólans*. Þá gefst foreldrum tækifæri til að hittast, ræða saman og skiptast á upplýsingum. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar unglingar eiga í hlut því þá skiptir máli að foreldrar beri saman bækur sínar. Það getur í sumum tilvikum virkað sem félagslegt taumhald að foreldrar hittist og hugsanlega minnkað líkur á óæskilegri hegðun unglunganna.

Í þriðja lagi felst stuðningur foreldra í *aðhaldi* (e. monitoring). Þessi tegund stuðnings ætti samkvæmt Coleman (1987) að hafa áhrif á hegðun og þroska unglunga. Foreldrar vilja fylgjast með hegðun barna sinna og unglunga í því skyni að tryggja velferð þeirra. Hér er einnig átt við aðhald með heimanámi, að setja reglur, og fela unglingum verkefni heima fyrir.

Fjórði liðurinn sem McNeal flokkar undir stuðning foreldra er *bein þátttaka þeirra í skólagöngunni*. Þessi stuðningur hefur mikil áhrif á námsferlinum og líklega hvað mest áhrif á námsrárangur. Oft er það ekki fyrr en börn lenda í einhverjum erfiðleikum í skólanum að foreldrar verða virkir í námsferlinu. Undir þennan lið falla heimsóknir foreldra í skólann og einnig samskipti þeirra við kennara og ráðgjafa.

Þessi flokkun McNeal's snertir bæði þætti sem heyra undir skólastarf og það sem fram fer á heimilinu. Með stuðningi sínum og þáttöku eru foreldrar að láta í ljós að þeir telji menntun mikilvæga fyrir börn sín og að þeir vilji leggja sitt af mörkum til að stuðla að vellíðan þeirra og árangri í námi.

Hvatning skiptir miklu máli fyrir námsárangur og þegar foreldrar hvetja börn sín áfram í námi leiðir það yfirleitt til enn betri árangurs. Einnig er mikilvægt að hrósa þegar vel er gert og verður það gjarnan til þess hvetja viðkomandi til áframhaldandi velgengni. Hrós getur því hæglega aukið árangur í námi (Hoover-Dempsey og Sandler, 1995). Í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (1993) á framhaldsskólanemendum sem hættu að loknu tveggja ára námi eða minna komu fram vísbendingar um að hvatning foreldra væri mikilvæg. Í ljós kom að börn þeirra feðra sem höfðu mestu menntunina hófu frekar framhaldsskólanám þrátt fyrir lægri einkunnir barnanna að meðaltali en börn minna menntaðra. Ein skýringin, að mati Gerðar, var að þessir foreldrar hvettu börn sín meira til náms. Niðurstaða Gerðar var að námsferill tengist vellíðan í skóla og þar sem hvatning og afstaða foreldra til náms hafa áhrif, þurfa þeir unglingar sem ekki fá hvatningu frá foreldrum eða forráðamönnum að fá hana annars staðar frá. Hér hafa náms- og starfsráðgjafar mikilvægu hlutverki að gegna og þeir eru í lykilaðstöðu til þess að veita nemendum hvatningu, stuðning og þá ráðgjöf sem þeir þurfa til þess að geta nýtt hæfileika sína til velgengni í námi.

Eins og fram kom hafa rannsakendur átt í erfiðleikum með að skilgreina og mæla hugtakið *stuðningur foreldra* við nám. Svo virðist sem spurningalistar sem notaðir eru við rannsóknirnar nái ekki alltaf að endurspegla hvað unglingar telji flokkast undir stuðning. Þess vegna er einnig nauðsynlegt að taka viðtöl og fá þannig fram hvað það er sem unglingum finnst felast í stuðningi foreldra. Mikilvægt er að kanna hvort í viðtölunum komi fram sömu þættir og aðrar rannsóknir hafa sýnt, svo sem flokkun McNeal's. Ákveðið var að hafa flokkun hans til hliðsjónar, þar sem hann beinir sjónum að unglingum og þörfum þeirra en það samræmist áherslum rannsóknarinnar sem fjallað verður um hér á eftir. Það kom líka fram hér að framan að niðurstöður geta verið ólíkar eftir því hver lætur upplýsingarnar í té. Þetta styður enn frekar nauðsyn þess að ræða við unglingana sjálfa til að fá fram hvers konar stuðning unglingar í framhaldsskóla vilja fá frá foreldrum sínum.

Stuðningur við unglunga í framhaldsskóla og samstarf heimila og skóla

Hoover-Dempsey og Sandler (1995) komust að þeirri niðurstöðu að stuðningur foreldra væri virkt ferli sem ætti sér stað í tímans rás. Til þess að stuðningurinn komi unglungunum að gagni þarf hann að þróast í takt við þarfir einstaklingsins þegar hann er að breytast úr barni í ungling og taka mið af hverju þroskastigi.

Unglingsárin eru tími mikilla breytinga og samband foreldris og barns tekur eðlilega breytingum. Unglingarnir vilja slíta sig frá foreldrunum, sækjast eftir athygli félaganna, verða sjálfstæðari og vilja standa meira á eigin fótum í náminu. Þeir kæra sig jafnvel ekki um of mikinn áhuga frá foreldrum og þrátt fyrir að hrós sé af hinu góða vilja margir þeirra halda því í hófi (Fan, 2001; Hoover-Dempsey og Sandler, 1995).

Þó margar rannsóknir sýni að stuðningur foreldra sé mikilvægur, bæði fyrir börn og unglunga, og hafi meðal annars jákvæð áhrif á námsárangur, sjást merki þess að stuðningur minnkar á unglingsárum (Milgram og Toubina, 1999; Muller, 1998). Námsefnið þyngist og foreldrar eiga í meiri erfiðleikum með að hjálpa unglungunum við námið eftir að í framhaldsskóla er komið og því minnkar sá námslegi stuðningur sem þeir áður höfðu. Einnig eiga sumir foreldrar erfitt með að aðstoða unglungana við að velja greinar eða námsleiðir (Hoover-Dempsey og Sandler, 1995; Muller, 1998). Hins vegar er nauðsynlegt að fylgjast áfram með og ekki gott að draga of mikið úr stuðningi því unglingar þurfa vissulega á honum að halda áfram (Epstein, 1995; Spera, 2005). Steinberg (2001) segir að þar sem unglingar verði fyrir svo margvíslegum áhrifum utan fjölskyldunnar séu foreldrarnir mikilvægari á þessu stigi en nokkru sinni fyrr. Hann telur brýnt að koma þeim boðskap á framfæri að það sem foreldrar geri skipti verulegu máli og hafi áhrif, einnig eftir að börnin eru komin á unglingsár.

Stuðningur foreldra og þátttaka í námi og tómsundum sýna börnum og unglungum á ótvíræðan hátt hve mikla umhyggju foreldrarnir bera fyrir þeim. Jafnframt gerir það foreldrum kleift að setja skýr mörk í uppeldinu, hvetja börnin og unglungana til dáða og vera þeim til aðstoðar þegar þau þurfa að takast á við þær daglegu áskoranir sem verða á vegi þeirra, bæði námslega og félagslega (Grolnick og Slowiaczek, 1994).

Hoover-Dempsey og Sandler (1995) leggja til að foreldrar, skólinn, nemendur sjálfir, og aðrir sem láta sig uppeldismál og menntun varða, starfi saman og myndi

stuðningsnet. Með því að fá þessa aðila til að vinna saman eru meiri líkur á að allir axli ábyrgð og nemandinn fái fjölþættan stuðning og eftirfylgnin verði meiri. Samstarf heimila og skóla hefur góð áhrif á skólastarfið og ýtir undir velgengni í námi og að námi loknu (Epstein, 1995). Slíkt samstarf hefur verið skilgreint á ýmsa vegu en skilgreining Joyce L. Epstein (1995) hefur skapað sér sess og nær til allra skólastiga. Hún inniheldur sex þætti, sem eru: *Foreldrahlutverk, samskipti, sjálfboðavinna, heimavinna, ákvarðanataka* og að síðustu *samvinna við samfélagið*. Samstarf heimila og skóla á sér lengri sögu á yngri skólastigum. Þó reynslan hafi sýnt að samstarf minnki á unglingsárum er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki síður nauðsynlegt á þeim árum (Epstein, 1995). Í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, (2004) er sérstaklega tekið fram að mikilvægt sé að milli foreldra eða forráðamanna og nemenda yngri en 18 ára sé samstarf.

Niðurstöður athugunar, sem Elín Thorarensen (1998) gerði hér á landi veturinn 1995-1996 á foreldrasamstarfi í framhaldsskólum landsins, leiddi í ljós að samstarf var mest fyrstu tvö árin. Þá var sjálffræðisaldurinn sextán ár en ekki átján eins og hann er nú. Í seinni könnun Elínar (2004) á samstarfi heimila og framhaldsskóla, sem gerð var eftir að sjálffræðisaldurinn hækkaði í átján ár, kom í ljós að ein helsta breytingin varð að foreldrar höfðu meira samband við skólana til þess að ræða um börn sín. Niðurstaða Elínar (2004) er að samstarf heimila og framhaldsskóla, eins og því er lýst í báðum þessum könnunum, falli að mestu leyti undir tvo fyrstu þættina í skilgreiningu Epstein (1995) og nefnd var hér að ofan: *foreldrahlutverk og samskipti*.

Samstarf milli heimila og skóla er ekki trygging fyrir góðum námsárangri nemenda. Unglingurinn ber sjálfur ábyrgð á að stunda námið en hann hlýtur engu að síður mikilvægan stuðning þegar heimili hans og skóli vinna með honum að settu marki. Foreldrar gegna veigamiklu hlutverki í lífi barna sinna alla skólagönguna. Viðhorf þeirra hafa mótandi áhrif á börnin og síðar unglíngana og nemendur á öllum aldri hafa þörf fyrir að finna hvatningu frá foreldrum sínum og áhuga á viðfangsefni hvers tíma (Epstein, 1995).

Í mars 2007 var sú nýbreytni gerð að Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) og Heimili og skóli – landssamtök foreldra (H&S) undirrituðu viljayfirlýsingu um samstarf til ársloka 2008 (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2007). Í markmiðum viljayfirlýsingarinnar segir að það sé sameiginlegt markmið beggja aðila að standa vörð um hagsmuni nemenda innan skólasamfélagsins. Þar með hefur verið stigið

mikilvægt skref til að efla samvinnu skóla og heimila með fagmennsku að leiðarljósi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á samstarf við foreldra framhaldsskólanema, því eins og áður hefur komið fram er ekki ýkja langt síðan sjálfræðisaldurinn var hækkaður í 18 ár hér á landi. Brýnt er að styrkja foreldrana í því hlutverki þeirra að styðja við bakið á unglingunum á fyrstu árum í framhaldsskóla því þó margir foreldrar geri það með ágætum eru aðrir sem ekki gera sér grein fyrir ábyrgð sinni. Ekki er heldur hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að brotthvarf úr framhaldsskólum er mikið og mest við upphaf náms. Því þurfa allir að taka höndum saman til þess að framhaldsskólanám unglingsins nýtist honum sem best og þroski hann. Breytingar á skólakerfinu og auknir valmöguleikar, sem nemendur standa nú frammi fyrir í mun ríkari mæli en áður, ýta enn frekar undir nauðsyn þess að framhaldsskólinn og foreldrar nemenda vinni saman.

1.4 Rannsóknarspurningar

Jeynes (2007) bendir á að eigindlegar rannsóknir séu vel til þess fallnar að bæta við þá þekkingu sem fyrir er og öðlast vitnesku um hvers konar stuðning kennarar, foreldrar og nemendur sjálfir telja að gagnist þeim best. Rannsóknir meðal foreldra og unglunga sýna að mæður, feður og unglingarnir sjálfir geta upplifað samskipti sín á milli á ólíkan hátt. Þess vegna getur skipt máli frá hverjum upplýsingar eru fengnar og því er mikilvægt að leggja áherslu á mismunandi sjónarhorn og að rödd hvers fjölskyldumeðlims heyrist (Steinberg, 2001).

Í ljósi þess að rannsókn Steinberg, Lamborn, Dornbush o.fl. (1992) leiddi í ljós að mikilvægt er *hvernig* foreldrar styðja og hvetja unglingana sína er nauðsynlegt að fá innsýn í hvernig samskiptum er háttað milli unglunga og foreldra. Steinberg (2001) komst að þeirri niðurstöðu í þessu sambandi að rannsakendur þyrftu ekki aðeins að skoða *hvað* foreldrar gera í uppeldishlutverki sínu heldur einnig *hvernig* þeir gera það.

Ekki er síður mikilvægt að fá upplýsingar beint frá ungmennum í framhaldsskóla um hvernig þau sjálf vilji vera studd og hvött áfram. Til þess að fá innsýn í hvers konar stuðning og hvatningu framhaldsskólanemendur vilja fá frá foreldrum sínum eru eftirfarandi rannsóknarspurningar hafðar að leiðarljósi:

- Hvernig upplifa unglingar í framhaldsskólanámi þann stuðning sem þeir fá frá foreldrum sínum?
- Hvers konar stuðning vilja þeir fá?
- Hvernig stuðningur finnst þeim ekki koma að gagni?
- Að hvaða leyti hefur þörf þeirra fyrir stuðning breyst frá því í grunnskóla?

2. Aðferð

Í þessari rannsókn eru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir því markmiðið er að fá innsýn í hvernig unglingar í framhaldsskóla upplifa þann stuðning sem þau fá frá foreldrum sínum og hvers konar stuðning og hvatningu þau helst vilja fá. Eigindlegar rannsóknaraðferðir henta vel til þess að öðlast skilning á hugsunum og lífi fólks og markmið slíkra aðferða er að skilja hlutina frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsóknum (Bogdan og Biklen, 2003; Kvale, 1996). Í rannsókninni eru notuð opin einstaklingsviðtöl (e. in-depth interviews) og viðmælendum gert kleift að tjá sig með eigin orðum um reynslu sína og þau atriði sem þeim finnst skipta máli. Sú aðferð var valin því leitast er við að öðlast skilning á skynjun og reynslu viðmælenda.

2.1 Þátttakendur

Rannsóknin beinist að unglingum í framhaldsskóla og einskorðast við 16 og 17 ára aldur, það er ungmenni undir sjálfræðisaldri sem enn eru í forsjá foreldra. Valið var að tala við þennan aldurshóp vegna þess að foreldrum ber skylda og réttur að tryggja persónulega hagi þeirra þó svo að þau séu komin í framhaldsskóla. Einnig sökum þess að brotthvarf úr framhaldsskólum er mest við upphaf náms, eins og áður hefur komið fram (Hagstofa Íslands, 2004). Auk þess að miða val viðmælenda við ákveðinn aldur nemenda í framhaldsskólum voru valdir jafnmargir þátttakendur af báðum kynjum.

Til þess að komast í kynni við viðmælendur sem féllu að þessum viðmiðum hafði ég samband við náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskóla og leitaði eftir aðstoð þeirra. Eftir að hafa kynnt þeim málið og fengið vilyrði fyrir aðstoð sendi ég formlegt bréf þar sem nánar var sagt frá rannsókninni og viðmið fyrir vali viðmælenda útskýrð. Er skemmst frá því að segja að samstarfið við náms- og starfsráðgjafana var afar gott og fyrir þeirra tilstilli komst ég í kynni við þrjár stúlkur og þrjá pilta sem veittu mér fúslega viðtöl. Fimm þeirra reyndust vera á fyrsta ári í framhaldsskólanum og sá sjötti á öðru ári. Til að tryggja að ekki sé hægt að rekja þær upplýsingar sem fram koma í viðtölunum til þátttakenda hefur

nöfnum þeirra verið breytt. Hafa þau fengið nöfnin: Axel, Bjarni, Guðrún, Jóhann, Linda og Sigrún. Þegar niðurstöður eru kynntar í næsta kafla verður stundum látið hjá líða að geta nafns og er það gert til að minnka enn frekar líkur á að hægt verði að rekja upplýsingarnar sem fram koma.

Þá voru tekin viðtöl við tvo náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum til þess að fá þeirra sýn á stöðu ungmenna við upphaf framhaldsskólanáms og á samstarf heimila og framhaldsskóla. Nöfn þeirra koma hvergi fram heldur er einungis talað um náms- og starfsráðgjafa þegar vísað er í ummæli þeirra.

2.2 Framkvæmd

Þó að áhugi minn á stuðningi og hvatningu í tengslum við nám eigi sér langa sögu og hafi þróast í náms- og starfsráðgjafarnáminu hófst skipulagður undirbúningur að rannsókninni ekki fyrr en í desember 2006. Þá var hafist handa við heimildavinnu, gerð rannsóknaráætlun, búinn til spurningarammi til að nota í viðtölunum og í lok janúar 2007 var Persónuvernd send tilkynning um rannsóknina.

Þar sem viðmælendur mínir eru ekki orðnir sjálfráða fékk ég munnlegt leyfi annars foreldris áður en ég setti mig í samband við unglingana sjálfa. Einnig sendi ég foreldrum kynningarbréf í pósti þar sem ég kynnti sjálfa mig lítillega, sagði frá rannsókninni og tilgangi hennar, hét trúnaði og nafnleynd.

Eins og áður sagði var gagna aflað með opnum viðtölum. Stuðst var við viðtalsramma en þess þó gætt að viðmælendur gætu tjáð sig óhindrað. Í upphafi viðtals var almennra upplýsinga um framhaldsskólagöngu unglinganna aflað, þar sem spurt var hve langt þau væru komin í náminu, hvernig þeim líkaði það, um félagsstöðu þeirra og hvort nám á framhaldsskólastigi væri líkt eða ólíkt því sem þau hefðu áður gert sér í hugarlund. Þá var spurt um stuðning foreldra, hvernig stuðning þau fengju og hvernig stuðning þau vildu fá frá foreldrum. Einnig var rætt hvort einhverjir foreldrar væru hugsanlega að gera sitt besta í að styðja unglingana sína í náminu en að sá stuðningur bæri ekki tilætlaðan árangur. Rætt var um hvatningu og hvort þau fengju stuðning frá öðrum en foreldrum. Loks var rætt um hvort og hvernig þau upplifðu mismunandi þarfir fyrir stuðning eftir þroska og skólastigum. Með þessu var átt við hvort þeim fyndist þörf fyrir annars konar stuðning eftir að í framhaldsskóla væri komið heldur en í grunnskóla.

Viðtölin við unglíngana voru öll tekin í febrúar og mars 2007 og viðtölin við náms- og starfsráðgjafana fóru fram í apríl og maí sama ár. Ég bauð unglíngunum að koma til mín í viðtal eða hitta mig í skólanum þeirra og völdu þau öll fyrri kostinn. Það var sameiginleg ákvörðun rannsakanda og náms- og starfsráðgjafanna sem veittu viðtal að hittast á skrifstofum þeirra síðarnefndu. Sérstaklega var tekið fram í upphafi hvers viðtals að heitið væri fyllsta trúnaði, sem og nafnleyndar, og að viðmælendur fengju gervinafn. Þess var sérstaklega gætt að ekki væri hægt að rekja atriði til ákveðins einstaklings.

Unglíngarnir skrifuðu undir upplýst samþykki eftir að hafa kynnt sér hvað það fæli í sér. Þau lásu sjálf yfir eyðublaðið áður en þau gáfu skriflegt samþykki sitt auk þess sem ég rakti efni þess í upphafi viðtals. Þeim var meðal annars gerð grein fyrir að þau gætu hætt þátttöku á öllum stigum rannsóknarinnar ef þau óskuðu. Að lokum fékk ég leyfi viðmælenda til að taka viðtölin upp og útskýrði að upptöku yrði eytt að lokinni gagnagreiningu.

Í rannsóknarvinnu skjóta upp kollinum ýmsar hugsanir af siðferðis- og aðferðafræðilegum toga. Þegar ég var að undirbúa rannsóknina fannst mér nauðsynlegt að taka viðtöl við nemendur í mismunandi framhaldsskólum og dreifa þátttakendum milli skóla. Leiðbeinandi minn sagði að þess gerðist ekki þörf því ætlunin væri ekki að bera saman skóla. Eftir nokkra umhugsun komst ég að sömu niðurstöðu því skólarnir sjálfir eru ekki rannsóknarefnið, né samanburður á þeim, heldur er verið að rannsaka skynjun framhaldsskólanemenda sjálfra óháð hvaða skóla þau nema við. Niðurstaðan varð því að ungmennin sem ég talaði við stunda öll nám í sama framhaldsskóla og aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafar skólans rannsakanda við að komast í samband við þau, eins og áður sagði.

2.3 Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla hófst með því að viðtöl voru skrifuð orðrétt niður en rannsóknargögn sem aflað var með viðtölum eru alls 202 blaðsíður.

Við greiningu gagna var stuðst við nálgun grundaðrar kenningar (e. grounded theory) en í því felst að skipuleg gagnagreining sé unnin samhliða gagnasöfnun (Creswell, 1998). Farið var á vettvang, viðtöl tekin og hafist handa við að greina gögnin áður en farið var aftur á vettvang til að safna frekari gögnum. Um er að ræða kerfisbundna, skipulagða tækni, þar sem sífelldum samanburði er beitt við

greiningu gagnanna. Við kóðun gagnanna var í fyrstu beitt opinni kóðun þar sem gögnin voru skoðuð með opnum huga og merkt við áhugaverðar hugmyndir og ýmis þemu. Eftir að hafa marglesið gögnin varð kóðunin markvissari og meginþemu skýrðust. Viðtöl við náms- og starfsráðgjafana vörpuðu ljósi á þeirra sýn á þarfir framhaldsskólanema og endurspegluðu reynslu þeirra í starfi.

3. Niðurstöður

Tilgangurinn með að taka viðtöl við unglingana sjálfa var að fá innsýn í hvernig unglingar í framhaldsskóla upplifa þann stuðning sem þau fá frá foreldrum sínum og ekki síður að öðlast sem bestan skilning á hvers konar stuðning þau vilji að foreldrarnir veiti þeim. Niðurstöður sýndu nokkur meginþemu sem fram komu í viðtölunum. Fyrst er að nefna *samskipti við fjölskyldu*, þar sem dregin er upp mynd af samskiptum milli foreldra og viðmælenda, eins og hún birtist í frásögnum unglinganna sjálfra. Þar fæst góð innsýn í hvernig þau skynja stuðning foreldra. Síðan er skoðað *hvers konar stuðning unglingarnir vilja fá* frá foreldrum sínum en honum er skipt í fjögur undirþemu. Þá er fjallað um þann stuðning sem foreldrar veita en unglingunum sjálfum finnst *ekki gagnast* sem skyldi þrátt fyrir góðan ásetning. Að lokum er fjallað um *breytilegar þarfir unglinganna fyrir stuðning* og skoðað hvernig þessar þarfir hafa breyst frá því þau voru í grunnskóla.

Rétt er að taka fram að þegar talað er um foreldra unglinganna er að sjálfsögðu einnig átt við forráðamenn þeirra. Sömuleiðis skal þess getið að notað er persónufornafnið „þau“ en ekki „þeir“ þegar vísað er í ummæli unglinganna sem voru viðmælendur í þessari rannsókn.

3.1 Samskipti við fjölskyldu

Samskipti unglinganna sem þátt tóku í rannsókninni og fjölskyldna þeirra virðast í meginatriðum ganga vel fyrir sig. Ýmis dæmi sýna að þau ræða málin við foreldra sína til að heyra þeirra sjónarmið. Um tíma hafði Sigrún til dæmis hugsað um að skipta um skóla. Hún ræddi það við foreldra sína og í sameiningu skoðuðu þau hvaða möguleikar væru í stöðunni „þannig að þau geta rætt við mig mjög mikið um það“. Foreldrar Sigrúnar sögðu að hún mætti skipta um skóla ef hún teldi það betri kost, en niðurstaðan varð að hún hélt áfram í skólanum. Foreldrarnir sögðust styðja hana, hvora ákvörðunina sem hún tæki, og valið vera í hennar höndum. Sigrún sagðist jafnframt oft ræða námið við foreldra sína, „bara almennt, ekkert endilega til að láta þau hjálpa mér“. Ein stúlkan sagði frá því að foreldrar hennar

hefðu undirbúið hana undir að fara í nýjan skóla með því að segja henni frá því sem væri frábrugðið grunnskólanum. Til dæmis upplýstu þau hana um að í þessum tiltekna framhaldsskóla færu prófin fram í stórum sal, jafnframt því sem þau sögðu henni að búa sig undir erfiðara nám, meira heimanám og annan skólabrag en í grunnskóla. Stúlkan tók fram að sér hefði þótt þessi undirbúningur vera styðjandi og gert sig öruggari. Mörg nefndu að foreldrarnir spyrðu reglulega hvernig námið gengi, spyrðu fréttu af verkefnavinnu, sem þau vissu að væri í gangi, og fylgdust með frammistöðu í prófum.

Verkefnavinna virtist stundum verða kveikjan að umræðum um námið, bæði vegna þess að unglingarnir segja frá verkefninu heima fyrir, því oft eru þau að fást við alveg nýja hluti sem þeim finnst gaman að tala um og einnig vegna þess að þau eru að leita eftir aðstoð eða upplýsingum. Þau töluðu öll um að þau ættu auðvelt með að leita til foreldra sinna eftir námslegum stuðningi „ef mér finnst ég þurfa einhvern stuðning þá bið ég bara um það“ sagði einn viðmælandi máli sínu til stuðnings og annar sagði: „alltaf ef ég bið um hjálp þá fæ ég alveg hjálp“.

Einn pilturinn lýsti samræðum við föður sinn á eftirfarandi hátt: „ég spyr hann spurninga, þá spyr hann spurninga á móti og við svona vinnum úr þessu, þannig að það er alveg mjög gott að tala við hann“. Hann sagði að málin væru oft rædd á heimilinu og foreldrarnir „þæla mikið og velta hlutunum mikið fyrir sér og alltaf tilbúin í hugleiðingar með manni“. Honum fannst mikilvægt að ræða málin í rólegheitum og á yfirvegaðan hátt, hvort sem um væri að ræða hversdagslega hluti eða mál sem taka þarf á:

Ef maður er að fara út í einhverja vitleysu þá kippi þau manni inn á, ef það er ekkert stórt í kringum þetta, ekki mikið mál. En þegar er eitthvað stórt þá setjast niður og **tala**. Alls ekki, þú veist, öskra eða æpa eða eitthvað svona, láta mann heyra það, það er, það er ekki sniðugt. Já, tala saman, það er mjög mikilvægt.

Hann lagði ríka áherslu á orðið „tala“ og greinilegt var að þetta var honum hjartans mál. Sigrún talaði um hve mikilvægt væri að samskipti innan fjölskyldunnar væru í góðu lagi og hafði orð á því hve „heppin“ hún væri að búa með báðum foreldrum sínum. „Bara svona samrýmd fjölskylda“ sagði hún um fjölskyldu sína og „líka bara maður er í góðum tengslum við fjölskylduna...og að

fara eitthvað saman eins og í útilegur á sumrin“. Henni fannst það vera stuðningur að búa við góð uppeldisskilyrði og sagði „ég bý við góð skilyrði“ og sagði frá annars konar aðstæðum vinkvenna sinna sem henni fannst ekki búa við eins góðar heimilisaðstæður.

Guðrúnu fannst mjög mikilvægt að foreldrar leiðbeindu börnum sínum en leyfðu þeim jafnframt að taka sjálfstæðar ákvarðanir og tók sem dæmi þegar unglingar velja framhaldsskóla. Henni fannst að nemendur og foreldrar ættu að ræða um skólana en lagði ríka áherslu á að unglingurinn tæki svo sína ákvörðun sjálfur. Hún lagði áherslu á að mikilvægt væri að foreldrar hlustuðu á börn sín og tækju tillit til óska þeirra og þarfa.

Náms- og starfsráðgjafi sem rætt var við í rannsókninni hafði orðið var við það í sínu starfi að samskiptin verða iðulega á neikvæðum nótum þegar unglingurinn á heimilinu fer að haga sér öðru vísi en foreldrum þykir æskilegt, til dæmis að fara of seint á fætur eða hætta að læra heima. Foreldrarnir fara þá að tuða og unglingurinn hættir að hlusta. Hún segir dæmi þess að foreldrar leiti til sín til að fá almennar leiðbeiningar um árangursrík samskipti og að þeim finnist gott að fá tækifæri til að tala um ýmislegt sem tengist daglegum samskiptum á heimilinu. Samstarf milli heimila og skóla er afar mikilvægt, sérstaklega á fyrstu árum unglinganna í framhaldsskóla, og að sögn náms- og starfsráðgjafa fer samstarfið vaxandi og sífellt er meira um að foreldrar setji sig í samband við þá. Vegna hins mikla brotthvarfs ungmenna úr námi er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman að því að styðja unglunga sem best og markmiðið er að stuðla að vellíðan þeirra og að þeir nái settu marki í náminu. Samstarf heimila og skóla hefur velferð nemanda að leiðarljósi og með slíkri samvinnu eru meiri líkur á að hann njóti velgengni og líði vel á námsferli sínum.

Samskipti foreldra og unglingsins og sá stuðningur sem unglingi stendur til boða í foreldrahúsum eru mjög samofin. Þetta sést greinilega í lýsingu Lindu þegar hún talar um mikilvægi stuðnings og tengsl við foreldra og nauðsyn þess að:

foreldrar styrki börnin sín af því að ég held að það skipti mestu máli að fá hvatningu frá þeim af því að náttúrulega ef maður er einn í því að, kannski kemur heim og jú, ég fékk, þú veist, átta eða níu eða hvað sem er og ef að foreldrarnir segja bara okei, þú veist, allt í lagi, þá er það ekkert mikill stuðningur frá foreldrum. Mér finnst skipta mestu að fá hann.

3.2 Hvaða stuðning kjósa unglíngarnir?

Unglíngarnir sem talað var við áttu auðvelt með að segja hvernig þau upplifðu þann stuðning sem í boði var og hvers konar stuðning þau helst vildu fá. Þar kom margt fram sem þau áttu sameiginlegt og skipta má niður í eftirfarandi þætti: *Námslegan stuðning, aðhald og áhuga, sjálfstæði og virðingu* og síðast en ekki síst *hvatningu*.

Námslegur stuðningur

Ungmennin nefndu flest að þau vildu fá námslegan stuðning þó þarfir þeirra fyrir hann séu mismunandi. Það er heldur ekki á færi allra foreldra að veita aðstoð við nám á framhaldsskólastigi og unglíngarnir gera sér grein fyrir því og sætta sig við það. Sum nefndu að þau hefðu ekki slegið hendinni á móti því að hljóta meiri aðstoð en í boði var, eins og til dæmis kom fram í máli Jóhanns:

Já, þetta er náttúrulega miklu meira af flóknu námsefni sem er miklu erfiðara að skilja oft og það væri í rauninni þægilegt að vita af einhverjum sem kann þetta, gæti sest niður með manni.

Guðrún nefnir sem dæmi að stuðningur felist í að fá hjálp með heimavinnuna, námsefnið og verkefni og Sigrún segir að sér finnst það stuðningur að lesið sé yfir ritgerðir og sér hjálpað fyrir próf, til dæmis með því að spyrja hana út úr námsefninu. Jóhann segir að þegar „maður hefur minni áhuga á efninu þá er betra að hafa svona stuðning námslega“.

Unglíngunum finnst mikill styrkur í því fólgin að geta fengið námslega aðstoð í foreldrahúsum og eins og kom fram í máli Bjarna finnst þeim gott að vita til þess að foreldrarnir geti veitt þeim stuðning „geti boðið aðstoð við námið ef maður getur það ekki sjálfur því þetta er nýtt efni náttúrulega. Þau séu þarna til að aðstoða mann“. Jafnframt gera þau sér grein fyrir hve lánsöm þau eru ef þau eiga foreldra sem eru þess megnuð að geta hjálpað þeim með námið. Þau átta sig fyllilega á því að það er ekki sjálfgefið:

Já, ég er það heppinn að ég er með foreldra sem eru það góðir námslega þannig að sama hve erfitt dæmið er, ég er alltaf með aðstoð svona sem

virkar. Ég get beðið um aðstoð með allt saman og þau líka svona bjóðast til, spyrja mig hvort það er eitthvað.

Hins vegar gera þau ekki óraunhæfar kröfur um aðstoð heima fyrir heldur fara aðeins fram á að foreldrar geri það sem þau geta. Linda talar um að sér þyki gott þegar foreldrar „hvetja mann eins og í náminu, hjálpa manni og ef maður þarf hjálp við námið, þau alla vega reyni eins og þau geta, sitt besta, til að hjálpa manni“.

Það kom skýrt fram að unglíngarnir ætlast ekki til að foreldrarnir kunni námsefnið en að þau sýni viðleitni og leggi sitt af mörkum:

Þau eru ekki menntuð, eða eru ekki stúdentar eða neitt svoleiðis þannig að þau kannski hafa takmarkaða þekkingu á því sem ég er að gera, en þau reyna, það skiptir öllu (Guðrún).

Sumir segjast ekki leita oft eftir námslegum stuðningi frá foreldrum sínum en finnst engu að síður styrkur að vita að hann sé fyrir hendi. Eins og einn pilturinn orðaði það: „ég vil bara vita að ég hef aðstoðina þegar ég þarf hana, það er nóg, held ég“. Og annar hafði svipað í huga þegar hann sagði: „Og svo er náttúrulega mjög gott að geta leitað til foreldra ef það er eitthvað“.

Reynsla náms- og starfsráðgjafanna styður að unglíngarnir geri ekki kröfur um að foreldrarnir hafi námslega þekkingu til að hjálpa þeim við heimanámið. Bæði er misjafnt hversu mikla menntun foreldrar hafa og einnig er oft svo langt síðan þau voru sjálf í framhaldsskóla að skólakerfið og námsefnið er orðið töluvert frábrugðið því sem það var þegar þau voru í námi.

Það kom fram í máli unglínganna að ef þau hafi þörf fyrir námslega aðstoð, sem þau telja foreldrana ekki geta veitt, þá leiti þau óhikað til kennara eða vana sinna.

Aðhald og áhugi

Unglíngarnir kunna að meta að þeim sé veitt aðhald og vilja að foreldrar þeirra sýni náminu áhuga. Þau eru ánægð með að foreldrarnir fylgist með og geti boðið fram aðstoð. Sum nefna sérstaklega að þau vilji láta minna sig á að læra fyrir

skólann og að þeim sé haldið að verki. Guðrún nefnir að sér finnist mikill stuðningur felast í að foreldrar „hjálpi manni með námið, minni mann á það að gera það ef maður gleymir“. Jóhann tekur í sama streng og kann því vel þegar foreldrar „svona fylgjast bara með því sem maður er að læra og svo bara já fylgjast með og náttúrulega halda manni frekar við efnið“.

Það er mismunandi eftir einstaklingum hvað þeim finnst vera hæfilegt aðhald sem virkar styðjandi og hvenær þeim finnst að verið sé að skipta sér of mikið af því sem þau eru að gera. Náms- og starfsráðgjafi nefndi að unglíngarnir séu viðkvæmir fyrir afskiptasemi af hálfu foreldranna. En flest minnst þau sérstaklega á að það veiti þeim styrk að finna að foreldrar fylgist með og þau vilja, þrátt fyrir allt, finna fyrir áhuga foreldranna. Eins og Jóhann nefndi þá kann hann að meta þegar foreldrar: „bara fylgjast með svona líka. Það raunar hjálpar mikið þó það geti verið þirrandi stundum, þá hjálpar það samt“. Þau vilja hóflegt aðhald og finnst það hjálpa sér mikið að vita að þau geti leitað eftir frekari aðstoð þegar þeim finnst þau hafa þörf fyrir hana. Einn pilturinn nefndi að það væri þægilegt, eins og heima hjá honum, því foreldrarnir spyrðu hann reglulega hvernig námið gengi og hvort hann þyrfti hjálp við það. Ef hann þarf á aðstoð að halda fær hann hana en annars er áfram fylgst með. Hann tók það sérstaklega fram að hann vildi ekki vera margspurður hvort hann þyrfti aðstoð heldur vildi hann vera tekinn trúanlegur.

Ekki halda áfram að ýta á hvort að það sé eitthvað að ganga illa því að þá svona eiginlega fyllist maður þeirri hugmynd að það sé eitthvað sem maður sé að gera illa. Það er eins og þau viti eitthvað sem að maður er að gera illa en maður veit það ekki sjálfur.

Þarna er líka komið inn á traustið, sem er svo mikilvægt í samskiptum foreldra og unglínga. Axel nefnir það sérstaklega og segir: „Mér finnst traust mjög mikilvægt og hérna í sambandi foreldra og barna að þau treysti manni fyrir því sem maður er að gera... efist ekki og treysti“.

Bæði Jóhann og Sigrún nefna að þeim finnst stuðningur foreldra meðal annars felast í að þau sýni náminu áhuga: „já, bara sýni áhuga á því sem ég er að gera“ segir Sigrún. Hún heldur áfram að lýsa hvernig stuðning hún telji best að fá og

Það kemur greinilega í ljós hve sterk þörfin er fyrir að finna bæði fyrir aðhaldi og áhuga í fari foreldra:

Bara að fylgja vel eftir, fylgjast með hvað ég er að gera, fylgjast með hvernig mér gengur, hvernig gengur í prófum. Mér finnst það vera stuðningur og sýna áhuga og hvetja mig til að læra.

Náms- og starfsráðgjafar eru sammála því að unglingar vilji að foreldrarnir sýni námi þeirra áhuga og að miklu frekar sé hægt að tala um að unglingarnir fari fram á það en að þeir ætlist til að foreldrar geti veitt þeim námslega aðstoð.

Sjálfstæði og virðing

Á unglingsárum heyja nemendur sína sjálfstæðisbaráttu og eru að sögn náms- og starfsráðgjafa upptekin af því að þau séu orðin nógu gömul til að halda sjálf utan um námið. Þau vilja að stuðningur foreldra birtist meðal annars í því að virða sjálfstæði þeirra, eins og kom fram hjá Lindu þegar hún lýsir því hvers konar stuðning hún kysi að fá frá foreldrum: „Bara að þeir séu ekkert að vera að ýta á mig að gera eitthvað sem ég vil ekkert gera... Já bara virða mínar skoðanir“.

Einn viðmælenda nefndi að foreldrarnir segðu að hún ætti að treysta meira á sjálfa sig nú þegar hún væri komin í framhaldsskóla og sagðist hún sammála því og fyndi að hún væri sjálfstæðari og „ég vil læra að treysta á sjálfa mig“, eins og hún orðaði það. Axel tók í sama streng og sagðist vilja vera sjálfstæður, jafnframt því sem hann nyti áfram stuðnings foreldra sinna. Honum finnst stuðningur foreldra felast í að:

... leyfa mér að gera það sem ég vil gera og þau gefi mér ákveðið frelsi til þess. Það er svona aðalstuðningurinn sem ég þarf núna, að þau sýni að það er bara undir mér komið hvað ég vil gera og hvað sem ég geri þá styðji þau það.

Flest láta þau í ljós að þau vilji og geti séð um námið sjálf, þó þau vilji líka geta leitað til foreldra sinna en „þetta er samt bara dálítið mikið undir sjálfum manni komið“ eina og Sigrún orðaði það.

Þegar talið barst að vali á framhaldsskóla kom fram hjá mörgum viðmælendum að sú ákvörðun hefði verið sjálfstæð ákvörðun þeirra þó í flestum tilvikum höfðu farið fram umræður á heimilinu. „Ég valdi það bara sjálf“ sagði Guðrún og bætti við: „þau hjálpuðu mér, já, að sjá svona ... eða meta skólana. Ég var alltaf ákveðin í að fara í þennan skóla þannig að þau skildu það bara mjög vel“. Annar viðmælandi hafði verið búinn að ákveða annan skóla en skipti um skoðun og „þegar ég breytti þá sögðu þau bara já, okei, flott er, ekkert mál“. „Þau létu mig velja algerlega“ sagði Linda „en hjálpuðu mér náttúrulega...og voru mjög skilningsrík“. Því bendir margt til þess að þau hafi fengið stuðning frá foreldrum þegar þau voru að velja framhaldsskóla og síðan hafi þau tekið upplýsta og sjálfstæða ákvörðun.

Annar náms- og starfsráðgjafanna sagði að unglingarnir vildu að borin væri virðing fyrir því sem þau væru að gera og fyrir því að námið væri þeirra vinna. Fram kom hjá tveimur stúlkunna að þær vildu að foreldrar þeirra tækju tillit til þess að þær væru í námi sem þær vildu sinna vel og hefðu því ekki alltaf tök á að taka að sér störf á heimilinu. Guðrún talar um að „gefa manni tíma eða næðisérstaklega ef maður á lítil systkini“ og Sigrún nefnir að „ekki láta mann gera of mikið af heimilisverkum eða láta mann gera of mikið með systkinum eða eitthvað“. Þær nefna einnig að það virki letjandi á unglunga þegar þau þurfa að hafa áhyggjur af einhverju öðru en skólanum, hvort sem það eru aðrar vinnuskyldur eða áhyggjur tengdar fjölskyldunni. Sigrún leggur áherslu á að það versta sem foreldrar geri sé að draga úr, eða aftra því að þau læri með því að segja „hún lærir bara seinna“ heldur að „gefa manni þann tíma sem maður þarfnast“. Hún vill ekki að verið sé að „neyða mann“ til að fara eitthvað eða gera eitthvað þegar mikið er að gera í skólanum og þá sérstaklega ekki á prófatíma.

Þó að ungmennin vilji vera sjálfstæð er mikilvægt að þau finni fyrir umhyggju og að foreldrarnir beri velferð þeirra fyrir brjósti. Eða eins og Axel komst að orði: „að þau sýni að þeim er ekki sama um hvernig mér gangi í skóla en samt að það sé mitt mál, eða svona mitt val hvað ég geri í lífinu“.

Hvatning

Þegar spurt er hvaðan þau vilji fá hvatningu segja flest þeirra vilja að hún komi frá foreldrunum. Guðrúnu finnst skipta miklu máli að fá hvatningu því:

annars finnst manni kannski enginn hafa áhuga á því sem maður er að gera og skipti kannski foreldrana engu máli að manni gengur vel. Mann langar alltaf til að öðrum finnist það flott hjá manni.

Jóhann kveðst einnig vilja að hvatningin komi frá fólkinu sínu og „hvatningin virkar vel á mann þegar maður hefur áhuga á því sem maður lærir“. Linda segist helst vilja fá hvatningu frá foreldrum sínum. „Þeir skipta miklu máli fyrir mann“. Axel nefnir að hann vilji bæði fá hvatningu þegar honum gangi vel og einnig að hann sé hvattur áfram þegar ekki gengur eins vel:

Ég vil hafa það þannig að þegar ég fæ einkunnir og þær eru góðar þá fái ég hvatningu og að heyra það, ekki bara svona sjá töluna og vel gert hjá þér. Heldur ef það er flott verkefni þá lesa kannski yfir það... Þú veist segja við mig að halda áfram á sömu braut en aftur á móti ef maður kemur með verri einkunn heim þá samt sem áður að hvetja mann áfram en láta mann finna fyrir, þetta er ekki alveg nógu gott, þú getur betur. En hjálpa manni í gegnum það.

Einn pilturinn sagði að hann vildi bara finna fyrir hvatningunni án þess að það þyrfti að hafa mörg orð um hlutina. „Ég vil bara fá að heyra að þetta sé gott og halda áfram“. Hann nefndi sem dæmi að sér fyndist gott að vera hvattur áfram með ýmsu móti, til dæmis með því að foreldrarnir elduðu uppáhaldsmatinn hans. Guðrún nefndi að sér þætti best að vera hvött áfram ef henni gengi vel og þá langaði hana að gera enn betur og sagði að það stuðlaði að því að henni liði vel. Hún segir það virka hvetjandi:

Þegar foreldrarnir segja manni að halda áfram og finnst það flott hjá manni, þá líður manni vel og langar til að gera það aftur eða mér finnst það allavega...það hvetur mann áfram, sérstaklega þegar manni hefur gengið kannski illa áður en gengur betur núna.

Þegar Linda lýsir hvernig sér finnst hvatning hafa áhrif á hana segir hún: „Bara með hvatninguna, bara ef þér gengur vel, þá verður að hvetja mann áfram og segja að halda áfram á þessari braut og svona“ og hún heldur áfram og segir að maður fái „náttúrulega meiri hvatningu þegar manni gengur mjög vel“. Sigrún talar um

að sér finnist besta hvatningin vera þegar hún er „peppuð upp“ og þegar stappað er í hana stálinu og sagt: „þú getur þetta alveg“. Hún nefndi til dæmis að sér þætti gott að heyra „já, gott hjá þér“ ef henni gengi vel í prófum og hélt því fram að það hvetti hana til að læra enn betur. Henni fannst stutt og gagnyrnt hvatningarorð eiga vel við sig. Guðrún nefndi einnig að auk þess að sér finnist gott að vera hvött áfram þegar vel gengur þá vildi hún finna fyrir hughreystingu þegar ekki gengi nógu vel með þeim hvatningarorðum að leiðarljósi að það gengi betur næst, „segja gengur alltaf betur næst, þá kannski líður manni betur“.

Linda lét í ljós þá skoðun sína að afskiptaleysi foreldra bitnaði á börnunum og lýsti því sem andstæðu þess að hvetja börn sín. Henni fannst að foreldrar „ættu að sýna hvatningu“ og hvetja börn sín áfram í námi. Henni fannst mikilvægt að foreldrar sinntu börnum sínum vel á öllum sviðum því „ef einhver á í erfiðleikum heima hjá sér þá eru líka erfiðleikar í náminu“. Bjarni tekur undir að hvatning sé undirstaða náms og aðspurður um mikilvægi þess að fá hvatningu heima fyrir segir hann: „Ætli það sé ekki svona partur af því af hverju maður heldur áfram. Þá sér maður ástæðu til þess að halda áfram, annars dregst maður bara niður“. Guðrún er sama sinnis um að hvatning sé mjög mikilvæg og segir af því tilefni: „En kannski ef manneskja sem fær aldrei hvatningu, henni gengur náttúrulega ekkert vel, held ég sko“. Linda er á þeirri skoðun að það sé „náttúrulega líka hvatning að hafa sitt eigið val, það skiptir miklu máli að geta valið sjálfur“ segir hún.

Fram kemur að hrós er mikilvægt. Bæði Axel og Jóhann tala um að það virki vel á þá að fá hrós „það er eiginlega bara hrós sem virkar á mig“ segir annar þeirra og hinn segir „náttúrulega aðallega bara hrósið sem er best“. Guðrún segir gott þegar foreldrarnir „segja manni að halda áfram og finnst það flott hjá manni, þá líður manni vel...“ Ein stúlkan nefnir að hún fari hjá sér ef henni er hrósað mikið en segir jafnframt að það hvetji hana til frekari dáða:

Það má helst ekki hrósa mér allt of mikið þá fer ég bara, þá fer ég svolítið hjá mér, mér finnst samt mjög gaman að fá hrós. Þá vinnur maður miklu betur ef maður veit að það virkar eitthvað sem maður var að gera, eða það heldur manni við og þá heldur mér áfram að ganga vel.

Bjarni segir einnig að sér finnist gott að fá hrós fyrir vel unnin verk. „Þá hefur maður meiri ástæðu til að gera það oft, meira af því“.

Þau tala um að það sé meira að gera í framhaldsskóla en grunnskóla og mikið um verkefnaskil og segja enn fremur að stundum skapist mikið álag. Þá þurfi þau á hvatningu og „andlegum stuðningi“ frá foreldrum sínum að halda til þess að missa ekki móðinn. Þá finnist þeim hjálpa að þau séu hvött til að harka af sér og horfa fram á við.

Fram kom í máli náms- og starfsráðgjafanna að nemendur leiti til þeirra til þess að fá stuðning og hvatningu. Unglingunum finnist gott að geta komið reglulega til þess að ræða málin, fá ráðgjöf og stuðning. Einnig finnist nemendum gott að hitta ráðgjafa án þess að um skipulagt viðtal sé að ræða. „Það hefur virkað fyrir marga alveg rosalega hvetjandi“ sagði annar þeirra sem talað var við í tengslum við rannsóknina.

Viðmælendum finnst það vera hlutverk foreldra að hvetja þá og styðja og þeir vilja jafnframt að stuðningur og hvatning komi frá foreldrum. Þau fá yfirleitt viðlíka stuðning frá báðum foreldrum en sum nefna að þau leiti meira til þess foreldris sem frekar getur veitt námslegan stuðning. Einnig kom fram hjá tveimur viðmælendum að mæður þeirra væru meira í því að hvetja og hrósa en feðurnir gæfu í skyn að þeir vissu hvar unglíngarnir gætu og gerðu ráð fyrir að þeir stæðu sig vel. „Mamma mín er svona meira í hvatningardæminu en faðir minn er svona, já, veit hvað ég get og svoleiðis“.

Nokkrir viðmælendur nefndu áhugamál og hvatningu í sömu andrá og Sigrúnu fannst gott að finna að foreldrar hennar hvettu hana áfram bæði í íþróttum og námi og taldi að stuðningur vegna náms hefði hvetjandi áhrif á íþróttaiðkun og öfugt:

Það er kannski líka bara stuðningur og hvatning að hvetja mann að halda áfram í íþróttum þótt maður sé í skóla líka. Það er bara betra fyrir mann. Já, það gæti verið hvatning líka pottþétt.

Í viðtölunum kemur fram hve mikilvægt er að samskipti foreldra og unglínga séu í góðu lagi og að unglíngarnir séu hvattir áfram. Þau sækjast eftir aðhaldi og stuðningi og að þeim sé sýnd virðing og traust en vilja ekki of mikla afskiptasemi. Eins og Axel orðar það: „...mér finnst mikilvægt að foreldrar sýni hæfilegan stuðning og að þau séu jákvæð“. Linda talar um að stuðningur foreldra skipti mjög

miklu máli. „Ef að börn fá engan stuðning þá kannski gengur þeim ekkert eins vel af því að þeim finnst að það skipti bara engu máli hvort að manni gengur vel eða illa“.

Stuðningur sem ekki gagnast

Þó að foreldrar vilji börnunum sínum vel og séu meðvituð um mikilvægi þess að styðja þau og hvetja er ekki einfalt að vita hvaða leiðir best er að fara í þeim efnum. Foreldrar gera og segja hluti í góðri trú um að í því felist styrkur og hvatning en vita ekki að stundum virkar þetta þveröfugt. Til dæmis kom fram hjá viðmælendum mínum að þeim finnst þreytandi þegar foreldrarnir endurtaka ítrekað sömu hlutina, sem báðir aðilar vita að hafa margoft verið ræddir. Linda talar um að þá sé verið að „tyggja“ ofan í hana og nefnir sem dæmi að alltaf sé verið að segja henni að ekki sé nóg að lesa bara daginn fyrir próf heldur þurfi að verja lengri tíma í próflestur. Linda segist ævinlega byrja að lesa í tíma en samt séu foreldrarnir alltaf að segja þetta við hana:

Ég er orðin svolítið leið á því að þau séu alltaf að segja það við mig vegna þess að ég veit það alveg, þau vita alveg að ég veit það, samt halda þau áfram að tyggja það ofan í mig. Kannski eru þau hrædd um að ég eigi ekkert eftir að standa mig, þau vilja náttúrulega allt sem er best fyrir mig.

Eins og fram hefur komið vilja unglingarnir gjarnan að foreldrarnir veiti þeim aðhald og minni þau á heimanámið en þeim líkar ekki að láta reka á eftir sér. Slíkt leiðir jafnvel til þess að þau missi móðinn og verði „pirruð“ eins og mörg þeirra orðuðu það:

Þegar þau eru svona að reka á eftir manni þá er maður svona meira pirraður bara, finnst það óþægilegt. Þá er maður bara svona, já, ég ætla að læra og svo er rekið á eftir manni. Frekar óþægilegt, frekar bara minna mann á, það frekar, því hitt virkar ekki (Bjarni).

Þau vilja líka fá að ákveða sjálf hvenær þau læra, því eins og Bjarni bendir á „...stundum er maður ekkert til í að læra akkúrat núna“. Náms- og starfsráðgjafi

nefndi einmitt að þeim félli ekki í geð að heyra „tuð“ og það kynni ekki góðri lukku að stýra að vera að ýta of mikið á þau eða nöldra í þeim.

Þó mikilvægt sé að foreldrar sýni skólagöngu unglunga áhuga þarf greinilega að hafa í huga hinn vandrataða meðalveg og ofgera ekki. Axel segir að það virki neikvætt á sig þegar foreldrar hans sýna „of mikinn áhuga“ og eru „alltaf að spyrja hvernig gekk þetta“ og „hvernig gekk hitt“. Honum finnst heldur ekki gott þegar foreldarnir „hvetja of mikið áfram og segja að allt sé voðalega gott, jafnvel þó það sé ekkert voðalega gott og ég veit það“. Annar náms- og starfsráðgjafanna kannast við að það geti verið erfitt fyrir foreldra að finna hinn vandrataða meðalveg og vita hvað unglíngnum finnst mátulegur stuðningur en ekki yfirdrifinn. „Því ef það er of mikið þá getur það farið að snúast upp í öndverðu sína, en ef það er of lítið getur það líka farið á hinn versta veg“ eins og ráðgjafinn orðaði það.

Æskilegast er að foreldrar styðji og hvetji börn sín án skilyrða. Það kom fram í máli eins viðmælandans að hótanir og mútur féllu ekki í kramið. Hann hafði kynnst því í sínu uppeldi og sagði „það náttúrulega virkar ekki“.

Ljóst er að í sumum tilvikum skynja unglíngarnir ekki að foreldrar veiti stuðning þó foreldrarnir telji sig sjálfa veita hann. Til dæmis finnst unglíngunum óþægilegt þegar foreldrar margsegja sömu hlutina til að leggja áherslu á mál sitt og þau verða pirruð þegar rekið er á eftir þeim með heimanámið, eða þá nöldrað er í þeim. Jafnframt nefndu þau að of mikill áhugi foreldra gæti orðið yfirþyrmandi.

3.3 Breytilegar þarfir fyrir stuðning

Mjög misjafnt er hvort unglíngunum sem þátt tóku í rannsókninni finnst mikilvægara að fá stuðning í grunnskóla eða í framhaldsskóla en heldur fleiri töldu að þörfin væri brýnni eftir að í framhaldsskóla er komið. Guðrún orðaði það þannig og þetta á við um fleiri en hana: „Þetta er samt ekki mikil breyting frá grunnskóla, ekki námslega séð, en samt aðeins skemmtilegra“. Fleiri tóku fram að þeim þætti námið í framhaldsskóla skemmtilegra en í grunnskóla og Linda sagði að það væri einnig „afslappaðra“ og ekki „eins mikil pressa á manni“ og var þá að vísa til samræmdu prófanna og álags vegna þeirra. Þegar þau eru spurð hvort þau fái meiri eða minni stuðning eftir að þau komu í framhaldsskóla virðist það

haldast í hendur við þarfir þeirra. „Ég hef allan þann stuðning sem ég þarf“ segir Linda og bætir við „já, ég meina, það er miklu meira að gera í menntaskóla og þá þarf maður náttúrulega meiri stuðning frá foreldrum“. Axel segir að foreldrar hans sýni náminu meiri áhuga eftir að hann fór í framhaldsskóla og jafnframt að hann fái meiri stuðning nú en í grunnskóla. Hann segir ástæðuna vera að hann þurfi meiri stuðning núna og hann leiti því meira til foreldra sinna, til dæmis eftir aðstoð við námið. Guðrún segist einnig bæði þurfa og fá meiri stuðning og hvatningu frá foreldrum sínum eftir að í framhaldsskóla kom. Hún segist sjálf vera miklu ánægðari núna en í grunnskóla en þar leið henni ekki vel. Nú líði henni betur því hún geti betur stjórnað náminu, til dæmis með því að velja hægari yfirferð í þeim greinum sem henni finnst þess þurfa. Hún segist fá meiri námslega aðstoð: „Þau kannski sjá hvað mér finnst þetta skemmtilegra og langar til að hjálpa meira“.

Bjarna fannst hann hafa þurft svolítið meira á stuðningi foreldra að halda þegar hann var í grunnskóla og var þá með námslegan stuðning í huga. Hins vegar fannst honum jafnmikilvægt að fá stuðning í grunnskóla og framhaldsskóla enda „bæði skólar“ eins og hann orðaði það. Hann sagðist geta miklu meira sjálfur núna eftir að hann varð eldri og ef hann þurfi aðstoð við námið núna fái hann hana. Hann segist vera heppinn, eins og hann orðaði það, að eiga foreldra sem eru færir um að veita honum námslega aðstoð og segir „í framhaldsskóla er allt nýtt“. Hann segir foreldra sína bjóða fram aðstoð og spyrja hvort hann þurfi hjálp við námið og hann byrji á að leita til þeirra áður en hann leiti annað ef hann vantar aðstoð eða útskýringar.

Í sumum tilvikum gátu foreldrar ekki veitt námslegan stuðning því námsefnið í framhaldsskóla var orðið of erfitt til að þau gætu aðstoðað unglingana. Jóhann segir til dæmis að hann fái minni námslegan stuðning frá foreldrum sínum eftir að í framhaldsskóla kom einfaldlega vegna þess að þau hafi ekki þá kunnáttu sem þurfi til að aðstoða hann:

Það er orðið þyngra námsefni en þegar maður var lítill gátu foreldrar hjálpað manni. Þeir eru ekki með þá menntun sem þarf til að geta hjálpað manni, þannig að þau geta eiginlega voðalega lítið hjálpað manni.

Það kemur einnig fram að á hans heimili hafi verið meiri umræða um námið þegar hann var í grunnskóla. Umræðurnar tengdust því að verið var að aðstoða hann við heimanámið en þar sem það hefur minnkað eftir að hann eltist og námsefnið er orðið flóknara hafa samræðurnar einnig minnkað og orðið einsleitari.

Það var mikið meira þegar maður var lítill í grunnskóla. Þá var yfirleitt bara sest niður með manni og verið að læra bara með manni, hjálpa manni. Já, það náttúrulega var allt öðruvísi. Meira núna svona „hvernig var?“ og „já það var fínt“. Alltaf svona sama svarið og sama spurningin (Jóhann).

Sigrún minnst einnig samverustunda í tengslum við námið þegar hún var yngri:

„Mamma settist niður með mér og hjálpaði mér að skrifa litlu sögunu sem ég átti að skrifa eða skriftarbókina eða eitthvað“. Hún segist hafa fengið meiri stuðning þegar hún var í grunnskóla og er sannfærð um að hún hafi haft meiri þörf fyrir hann þá en nú þegar hún er komin í framhaldsskóla. „Maður þarf aðallega stuðning þegar maður er yngri“. Hér er hún að tala um námlegan stuðning. „Pabbi var alltaf að hlýða mér yfir og svona, sem er kannski, já, mjög gott í grunnskóla en svo lærir maður þetta bara sjálfur“. Hún bætir við:

„Ég veit alveg að það er mjög gott að fá stuðning þegar maður er yngri, það er miklu mikilvægara heldur en að, eða þú veist. Nú er maður farinn að kunna á þetta og ef maður er duglegur og svona þá þarf maður ekki mikinn stuðning en ef maður fær eitthvað að hætta að nenna þessu og eitthvað þá, þú veist, þarf maður alveg smá pepp.

Hún segir að þá hafi þau líka getað hjálpað henni meira námslega en núna því námsefnið sé orðið erfiðara. Hins vegar segist hún ekki þurfa mikla hjálp við námið en viðurkennir að „það væri ekkert verra“ að eiga kost á meiri aðstoð. Hún virðist hafa fengið góðan stuðning í grunnskóla og er nú greinilega að byggja ofan á hann:

Þú veist, eins og ég vandi mig á, mamma og pabbi sögðu alltaf farðu beint heim að læra eftir skóla áður en þú ferð að gera eitthvað annað og það er mjög góð regla. Og þú veist, ég reyni að halda henni núna líka...þannig ég

held að það sé alveg mjög góð regla sem hefur alveg hjálpað mér mjög mikið (Sigrún).

Unglingarnir leggja áherslu á sjálfstæði sitt og vilja treysta meira á sjálfa sig á framhaldsskólaárunum en áður. En þeir hafa áfram þörf fyrir stuðning og aðhald við hæfi og þroska hvers og eins.

Þrátt fyrir að stuðningur foreldra skipi mikilvægan sess í hugum þeirra kom greinilega fram í viðtölunum hve mikils virði það er þeim að kennarar veiti þeim athygli og sýni stuðning. „Maður vill náttúrulega líka fá stuðning frá kennurum, það er líka gott“ líkt og Bjarni orðaði það. Guðrún sagði í því sambandi: „mér finnst allavega hjálpa mér mjög mikið að fá mikinn stuðning og hvatningu frá kennurunum“. Þessi þörf fyrir stuðning frá kennurum kom bæði fram hjá unglingum sem áttu foreldra sem ekki höfðu námslega þekkingu til að aðstoða við heimanámið og einnig hjá þeim sem fengu námslega aðstoð heima fyrir. „Þann stuðning sem ég fæ ekki heima leita ég bara í skólanum og leita til kennara“ sagði Axel, sem yfirleitt gat fengið námslega aðstoð heima fyrir en ef það brást sagðist hann óhikað leita til kennara eftir aðstoð. Jóhann talaði um að kennarar hefðu áhrif á námsáhuga nemenda og ættu oft sinn þátt í að hvetja þá til dáða: „Í rauninni er það það sem hjálpar manni líka er að hafa góðan kennara sem lætur mann fá áhuga á því sem maður er að læra“.

Viðmælendur virtust í aðalatriðum ánægðir með þann stuðning sem þeir fá og enginn þeirra talaði um að hann eða hún saknaði þess að fá ekki meiri stuðning, nema ef til vill námslegan stuðning í sumum tilvikum. Ein stúlkan benti á hve ólíkar aðstæður unglingar byggju við þegar hún sagði: „En það er alveg fullt af fólki sem þarf alveg meiri stuðning“.

4. Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í hvernig unglingar í framhaldsskóla skynja þann stuðning sem þau fá frá foreldrum sínum og hvers konar stuðning og hvatningu þau vilja fá. Greinilegt er að viðmælendur mínir ræða námsefnið og ekki síst heimanámið við foreldra sína. Umræðurnar tengdust ýmist námslegri aðstoð foreldra eða því sem nemendur voru að fást við í skólanum. Í ljós kom að nemendur eru þakklátir fyrir að foreldrar séu færir um að veita þeim námslegan stuðning en ætlast þó ekki til að foreldrarnir búi yfir allri þeirri þekkingu sem þarf til að hjálpa þeim með námsefni framhaldsskólans. Hins vegar finnst þeim mikilvægt að foreldrar reyni að aðstoða þau eins og kunnátta þeirra leyfir og þau meta alla viðleitni foreldra sinna. Þau vilja að foreldrar þeirra sýni náminu áhuga og fylgist með hvernig þeim gengur. Einnig sækjast þau eftir að þeim sé veitt aðhald og „haldið við efnið“ eins og einn viðmælandi orðaði það. Þá er það einnig áberandi hve mikla áherslu þau leggja á sjálfstæði sitt og að þau vilji fá tækifæri til að standa á eigin fótum en jafnframt að þau viti að foreldrarnir standi þétt við bakið á þeim og geti rétt þeim hjálparhönd ef þörf krefur. Þeim finnst mikilvægt að foreldrar líti á námið sem þeirra vinnu og sýni því virðingu. Greinilegt er að hvatning skiptir miklu máli og á sinn þátt í að drífa þau áfram. Þau tóku sérstaklega fram að það hefði ekki góð áhrif á þau að foreldrarnir segðu ítreakað sömu hlutina eða rækju á eftir þeim. Þau kæra sig ekki um „tuð“ í foreldrum og einn náms- og starfsráðgjafinn sagði að þá hættu þau að hlusta eða taka mark á því sem sagt væri. Það getur orðið vítahringur og stundum þurfa foreldrar að líta í eigin barm og endurskoða samskiptavenjur. Unglingunum sem talað var við fannst heldur ekki gott ef foreldrar sýndu náminu of mikinn áhuga. Fram komu breytingar á stuðningi frá því þau voru í grunnskóla og sum höfðu meiri þörf fyrir stuðning við námið eftir að þau hófu nám í framhaldsskóla en öðrum fannst mikilvægara að fá stuðning við nám í grunnskóla.

4.1 Leiðandi uppeldi og stuðningur foreldra

Uppeldisaðferðir foreldra skipta máli og mikilvægt að uppeldið einkennist af hlýju og viðurkenningu og að foreldrar hvetji börn sín til að standa sig vel. Rannsóknir hér á landi hafa sýnt, eins og áður hefur verið nefnt, að mikilvægt er að unglingar finni að þeir njóti stuðnings foreldra sinna og þær benda til að þeir sem telji sig fá lítinn stuðning foreldra séu í meiri brotthvarfshættu í framhaldsskólum en aðrir unglingar (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2003; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Þetta kemur skýrt fram hjá þeim viðmælendum sem rætt var við og einn sagði stuðning foreldra beinlínis vera ástæðu þess að hann væri í námi, því þá sæi hann tilgang í að halda áfram.

Af því sem fram hefur komið um uppeldisaðferðir foreldra má sjá að unglíngum vegnar betur á ýmsum sviðum ef þeir alast upp við leiðandi uppeldi. Það styrkir þau að hafa búið við mildilegt aðhald í foreldrahúsum, fengið að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau sjálf og mætt hlýju og hvetandi viðmóti frá foreldrum sínum. Slíkt atlæti eykur einnig sjálfstraust þeirra og þau eiga auðveldara með að aðlagast breytingum unglingsáranna. Sterklega kemur fram í viðtölum mínum við unglíngana að sum þeirra hafi alist upp við leiðandi uppeldisaðferðir. Má jafnvel segja að það sé eins og rauður þráður gegnum einstaka viðtal. Þetta má greina af frásögnum þeirra og lýsingum, til dæmis á samræðum á heimilinu. Það er til dæmis í anda kenningar Baumrind um leiðandi uppeldi þegar fjölskyldumeðlimir skiptast á skoðunum og tekið er tillit til skoðana unglínganna og vilja þeirra (Baumrind, 1966; Durkin, 1995). Einn meginþáttur leiðandi uppeldis, *viðurkenningin*, sem áður hefur verið fjallað um, vísar til þess að foreldrar virði skoðanir barna sinna og taki tillit til þarfa þeirra og óska (Gray og Steinberg, 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Slicker, 1998). Þessi þáttur kom greinilega í ljós, til dæmis þegar þau sögðu frá því þegar þau völdu framhaldsskóla og foreldrarnir virtu ákvörðun þeirra.

Nokkur þeirra fá stuðning frá foreldrum sínum, samkvæmt skilgreiningu McNeal's (1999) á stuðningi foreldra, þar sem hann nefnir samræður milli foreldra og unglínga en unglíngarnir nefndu sem dæmi að þeir ræddu oft námið almennt og einnig einstök verkefni. Það kom enn fremur fram hve mikilvægt það er að unglingar fái leiðbeiningar frá foreldrum sínum og stuðning við að taka

ákvarðanir. Þetta samræmist jafnframt leiðandi uppeldisaðferðum (Baumrind, 1996; Durkin, 1995).

Samskipti eru margþætt og líkt og Baumrind (1966) benti á er afar mikilvægt að í samskiptum fólks ríki hlýja og að virðing sé borin fyrir hverjum og einum. Á unglingsárum er þörf fyrir aðhald foreldra um leið og unglingum er leyft að prófa ýmis hlutverk og sjá sig í mismunandi aðstæðum. Sjálfsmyndin mótast í ólgusjó tilfinninga og örra breytinga og tekur hægt og rólega á sig heildstæðari mynd. Ein ástæða þess að Steinberg (2001) taldi að leiðandi uppeldi bæri góðan árangur var að hin hæfilega blanda af stuðningi og aðhaldi stuðlaði að sjálfstæði og ábyrgð einstaklingsins. Slík uppeldisskilyrði gera það einnig að verkum að unglingurinn hefur meira sjálfstraust til að bera og er öruggari með stöðu sína.

Stuðningur sem gagnast

Svör viðmælenda í rannsókninni einkenndust að því að öll komu þau inn á námslegan stuðning á einn eða annan hátt. Sumum fannst muna mest um þann stuðning, ef til vill vegna þess að hann er ápreifanlegri en annars konar stuðningur. Flest þeirra leituðu eftir námslegum stuðningi heima fyrir en mikilvægast þótti þeim að vita að hann væri til staðar þó þau nýttu sér hann ekki í miklum mæli.

Náms- og starfsráðgjafarnir höfðu orð á því að unglingarnir gerðu ekki kröfur til foreldra sinna um að aðstoða við námið sjálf enda hafi framhaldsskólinn breyst mikið á þeim tíma sem liðinn er síðan foreldrarnir voru í námi. Námsleg þekking foreldra var ekki til staðar hjá öllum viðmælendum eftir að námsefnið þyngdist og er það í samræmi við niðurstöður Muller's (1998). Það virðist mikilvægara að unglingarnir viti að foreldrarnir séu tilbúnir til að ræða námsefnið við þau og aðstoða þau eins og geta þeirra leyfir. Fram kom hjá unglingunum að þeim finnst foreldrarnir sýna væntumþykju sína með því að styðja þau á þann hátt sem þeir eru færir um hverju sinni og sögðu jafnframt að ef þau hættu að finna slíkan stuðning myndu þau túlka það sem svo að þau skiptu foreldrana engu máli. Þetta samræmist einum meginþætti leiðandi uppeldis, *stuðningi*, því þar er meðal annars gert ráð fyrir að börn og unglingar skynji hlýju og ástúð foreldra sinna (Gray og Steinberg, 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Slicker, 1998).

McNeal (1999) nefnir í skilgreiningu sinni á stuðningi foreldra að einn þáttur stuðnings sé *aðhald* og það kemur fram í máli unglinganna í þessari rannsókn að þau vilji að foreldrar *fylgist með* og veiti þeim aðhald. Þrátt fyrir að þeim finnst þau orðin sjálfstæð og fær um að sjá um námið sjálf vilja þau að foreldarnir fylgist með. Ef ekki er um aðhald að ræða gæti viðkomandi misst tökin og hættan á brotthvarfi eykst. Einn meginþáttur í leiðandi uppeldi, *stuðningur*, sem áður hefur verið greint frá, felur einnig í sér að börn og unglingar fái nauðsynlegt aðhald frá foreldrum sínum (Gray og Steinberg, 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Slicker, 1998). Unglingarnir gera hins vegar skýran greinarmun á aðhaldi og afskiptasemi og líkt og annar náms- og starfsráðgjafinn benti á eru þau á varðbergi gagnvart of miklum afskiptum foreldra sinna. Þau vilja ekki vera þrúspurð um hvort þau vanti aðstoð heldur ætlast þau til að foreldrarnir taki mark á svari þeirra og treysti orðum þeirra. Annars finnst þeim að verið sé að gefa í skyn að þau standi sig ekki nógu vel og slíkt getur dregið úr sjálfstrausti unglingsins, en sú er varla ætlun foreldra.

Annað lykilatriði sem fram kom í viðtölunum í rannsókninni er mikilvægi þess að foreldrar sýni náminu *áhuga*. Það veitir unglingum mikinn styrk að finna að foreldrar hafi áhuga á náminu og öðru sem því tengist. Gonzalez (2006) bendir á að stuðningur foreldra felist í að sýna námi og skólalífi áhuga og er það í samræmi við það sem fram kom hjá viðmælendum mínum. Þau beinlínis biðja um áhuga foreldranna og skýrt kom fram að þeim finnst mikilvægara að finna fyrir áhuga foreldra á náminu fremur en að fá umfangsmikla námslega aðstoð frá þeim. McNeal (1999) komst að þeirri niðurstöðu að meiri líkur séu að unglingar leggi sig fram við námið ef þau finna fyrir áhuga foreldra og það samræmist því sem unglingarnir í þessari rannsókn sögðu.

Unglingar vilja finna að borin sé *virðing* fyrir því sem þeir gera og að námið sé þeirra vinna. Í því felst að komið sé til móts við þarfir þeirra varðandi aðstöðu til náms heima fyrir og að foreldrar virði tíma þeirra. Foreldrarnir geti ekki ráðskast að eigin vild með þann tíma sem unglingarnir ætla til heimanáms. Náms- og starfsráðgjafi sagðist finna sterklega fyrir þessari skoðun nemenda, jafnframt því sem þeir legðu áherslu á aukið *sjálfstæði* sitt. Líkt og Fan (2001) benti á eru unglingar á þessu tímabili að færa sig undan valdi foreldranna og vilja ráða sér meira sjálf. Eðlilegt er að þau berjast fyrir sjálfstæði sínu, meðal annars með því að senda skilaboð til foreldra sinna um að þau geti sjálf séð um námið.

Viðmælendur mínir leggja mikla áherslu á að foreldrarnir virði vilja þeirra og skoðanir og greinilega má finna áhrif leiðandi uppeldis í því hvernig þau lýsa þörfum sínum.

Í rannsókn McNeal's (1999) var bæði aðhald og áhugi flokkað sem stuðningur og það kemur skýrt fram hjá viðmælendum í þessari rannsókn, sem hér er kynnt, að þau telja hvort tveggja mikilvægan stuðning. Löngun til að sýna sjálfstæði og krafa um virðingu voru einnig mjög ofarlega í huga unglínganna í þessari rannsókn þó svo þessir þættir hafi ekki flokkast undir stuðning í áðurnefndri rannsókn McNeal's.

Gildi *hvatningar* í námi verður seint ofmetið. Eins og Hoover-Dempsey og Sandler (1995) benda á hefur hrós jákvæð áhrif og ýtir undir að viðkomandi haldi áfram að gera vel og það getur jafnvel bætt árangur í námi. Unglíngarnir töluðu mikið um hve gott þeim þætti að fá *hrós* frá foreldrum sínum og að þau hefðu þörf fyrir að vera hvött áfram. Einnig kom fram að hrósið efldi þau og fengi þau til að gera enn betur og þá leið þeim vel. Sjálfsmyndin styrkist að hrósi fyrir vel unnið verk eða eiginleika unglíngsins og því er mikilvægt að hrósa honum. Gerður G. Óskarsdóttir (1993) komst einnig að því í sinni rannsókn að *hvatning* til náms væri mjög mikilvæg. Foreldrar ættu að hafa hugfast að *hvatning* og stuðningur, meðan á námi stendur, getur skipt sköpum um hvernig börnum og unglíngum líður á námsferli auk þess sem það hefur áhrif á námsgengi.

Skiljanlegt er að foreldrar séu tvístígandi í því hvernig best sé að styðja og hvetja. Þess vegna verður stuðningurinn stundum ómarkviss og hefur ekki þau áhrif sem til var ætlast. Foreldrar vilja að sá stuðningur sem þau veita geri gagn og sé unglíngunum til góðs og því er vænlegt að fá álit unglínganna sjálfra á því hvað þeim finnst að eigi best við. Eins og Hoover-Dempsey og Sandler (1995) bentu á er skilyrði að sá stuðningur sem veittur er taki mið af aðstæðum einstaklinganna. Mikilvægt er að foreldrar komi til móts við breyttar þarfir barns síns, sem nú er orðinn unglíngur en jafnframt áfram í þörf fyrir stuðning. Fram kom hjá viðmælendum að þeim fannst óþægilegt þegar foreldrar voru sífellt að endurtaka sömu hlutina og reka á eftir þeim. Unglíngarnir vilja ráða sér meira sjálfir og ekki láta foreldrana segja sér fyrir verkum. Þeir eru sjálfir dómbærir á hvenær það hentar þeim best að sinna heimanámi og vilja taka ákvarðanir þar að lútandi upp á eigin spýtur. Viðmælendi í rannsókninni nefndi að hann kynni því illa að foreldrar hans sýndu of mikinn áhuga og náms- og starfsráðgjafi hafði í sínu starfi einnig

orðið var við að það félli unglingunum ekki í geð. Því er gott fyrir foreldra að taka tillit til þessara athugasemda þó það megi ekki verða til þess að horfið sé frá því að styðja og hvetja börn eftir að þau komast á unglingsár (Epstein, 1995; Spera, 2005).

Þrátt fyrir að unglingarnir telji það hlutverk foreldra sinna að hvetja þá og styrkja þykir þeim einnig gott að fá stuðning frá öðrum sem jafnvel tengjast skólanum meira. Þeim finnst stuðningur frá kennurum mikilvægur og finnst skipta máli að kennarar veiti sér athygli og sé umhugað um velferð þeirra. Þeir líta ekki eingöngu á kennarana sem uppfræðara heldur jafnframt aðila sem hafa eigi áhuga á þeim og námi þeirra og þau vilja finna fyrir stuðningi frá þeim. Kennarar þyrftu að gera sér grein fyrir þessu stuðningshlutverki sínu og rækja það eins og kostur er.

4.2 Breytilegar þarfir fyrir stuðning

Það fylgja því töluverð umskipti fyrir unglunga að færast úr grunnskóla í framhaldsskóla og jafnframt er það ögrandi, bæði námslega og félagslega. Unglingarnir þurfa að aðlagast breyttu umhverfi, nýju námsefni, erfiðari heimavinnu og félagslegum breytingum, á borð við það að samlagast nýjum skólafélögum og eignast nýja vini. Í framhaldsskóla eru gerðar meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og unglingurinn þarf sjálfur að bera meiri ábyrgð á námi sínu. Þá reynir á að geta skipulagt tíma sinn vel. Náms- og starfsráðgjafar svo og annað starfsfólk innan skólans þurfa að vinna að því að gera nemendum þessar breytingar eins auðveldar og mögulegt er með því að styðja við bakið á þeim eins vel og frekast er unnt. Sumum unglingum reynist erfitt að velja framhaldsskóla, enda er það ferli sem krefst mikillar skoðunar og íhuga þarf þá ákvörðun með marga þætti í huga. Stundum reynist sá skóli sem valinn var ekki henta og þá þarf að veita og meta kostina, líkt og einn viðmælandi í rannsókninni gerði. Æskilegast er að bæði foreldrar og unglingurinn sjálfur ræði saman og skoði málið frá öllum hliðum, því þó það sé unglingins að ákveða sig hefur hann þörf fyrir stuðning meðan á ákvörðunarferlinu stendur. Samkvæmt skilgreiningu McNeal's (1999) á stuðningi foreldra falla umræður um námsval þar undir.

Með því að skoða hvernig stuðningur foreldra hefur breyst eftir að unglingarnir hófu nám í framhaldsskóla, eins og gert var í þessari rannsókn, fæst

góð yfirsýn yfir stuðningsferlið. Sum þeirra urðu vör við að námslegur stuðningur minnkaði vegna þess að foreldrar höfðu ekki lengur þá þekkingu á námsefninu sem þurfti. Þetta er í samræmi við rannsóknir (Hoover-Dempsey og Sandler, 1995; Muller, 1998) en unglingarnir kváðust áfram fá hvatningu en viðurkenndu að þau óskuðu þess stundum að hafa áfram aðgang að námslegum stuðningi. Helmingur viðmælenda sagðist fá meiri stuðning í framhaldsskóla enda fyndist þeim meiri þörf fyrir hann nú en í grunnskóla.

Áberandi var að allir sex viðmælendur mínir voru mjög ánægðir í framhaldsskólanum. Sumir tóku mikinn þátt í félagslífi og aðrir lítinn en öll voru þau ánægð með námið og kennsluna. Sum nefndu að sér þætti veran þar afslappaðri en í grunnskóla og vísuðu þá sérstaklega til samræmdu prófanna sem þeim fannst skapa streitu og valda óöryggi. Einnig fannst þeim grunnskólinn yfirþyrmandi og var tíðrætt um að hann væri „skylda“. Þau voru skyldug til að mæta og læra en höfðu ekki ánægju af því, eins og þau lýstu því sjálf. Í framhaldsskóla finnst þeim að þau séu meira á eigin forsendum og hafi meira valfrelsi varðandi námið. Þá er einnig greinilegt að þau njóta þess að vera komin í framhaldsskóla og öðlast meira sjálfstæði.

Stuðningur er alveg jafnmikilvægur á unglingsárum og í bernsku en hafa þarf í huga að miða hann við aldur og þroska (Epstein, 1995; Hoover-Dempsey og Sandler, 1995; Spera, 2005). Til að stuðningur hafi tilætluð áhrif þurfa foreldrar að vita hvernig stuðning og hvatningu unglingurinn þarfnast helst. Hvers konar stuðning vilja ungmenni í framhaldsskóla fá frá foreldrum sínum? Til þess að fá svör við því liggur beinast við að spyrja þau sjálf, líkt og gert var í þessari rannsókn, og gefa þeim sjálfum tækifæri til að koma þörfum sínum á framfæri.

Þó rannsóknin gefi mynd af því hvers konar stuðning framhaldsskólanemendur vilja fá frá foreldrum sínum er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðunum, enda voru þátttakendur aðeins átta talsins, þar af sex framhaldsskólanemendur. Markmiðið var að fá innsýn í hvers konar stuðning og hvatningu framhaldsskólanemendur vilja fá frá foreldrum og var lögð áhersla á að fá sjónarhorn unglinganna sjálfra. Því var valin sú leið að taka viðtöl við nemendur til að öðlast sem bestan skilning á þörfum þeirra. Eftirtekt vekur hve niðurstöður þessarar rannsóknar eru í miklu samræmi við fyrri niðurstöður. Auk námslegs stuðnings er aðhald foreldra og áhugi á námi þeirra sá stuðningur sem unglingarnir sækjast mest eftir og samræmist það flokkun McNeal's (1999).

Einnig kemur sterklega fram hve mikilvægu hlutverki uppeldisaðferðir foreldra gegna og ánægjulegt að sjá í hve ríkum mæli þættir sem einkenna leiðandi uppeldi sjást ljóslifandi í viðtölunum við unglingana í rannsókninni.

Rannsókn þessi er mikilvægt fyrsta skref til að öðlast vitnesku um hvers konar stuðning framhaldsskólanemendum finnst gagnlegast að fá frá foreldrum sínum meðan á námi stendur. Næsta skref gæti mögulega verið að skoða breiðari hóp og gera megindelega rannsókn, þar sem hægt væri að nota þessa rannsókn sem grunn til að byggja á. Einnig væri mikilvægt að gera rannsókn þar sem sjónarhorn foreldra kæmi enn fremur fram. Rannsóknin hefur hagnýtt gildi því hún eykur skilning bæði foreldra og annarra á því hvers konar stuðning framhaldsskólanemendur telja árangursríkastan. Sjónarhorn unglinganna sjálfra koma fram og þau lýsa stuðningi út frá sínum forsendum. Þær upplýsingar eru afar mikilvægar, bæði fyrir foreldra og náms- og starfsráðgjafa. Það skiptir máli hvernig unglingar eru studdir í námi og því er nauðsynlegt að hlusta eftir því hvernig stuðning og hvatningu þau vilja fá. Með því að öðlast vitneskju um hvers konar stuðningur gagnast best gæti það orðið einn liður í minnka brotthvarf, því lítill stuðningur eykur brotthvarfshættu. Stuðningur er því fyrirbyggjandi. Þær niðurstöður sem fást með rannsókninni eru því mikilvægt innlegg í samstarf foreldra og náms- og starfsráðgjafa og nýtast sem leiðbeiningar eða fræðsla fyrir foreldra sem vilja öðlast skilning á hvernig best sé að hvetja og styrka unglinga sína í námi.

Samstarf heimila og skóla

Það er tiltölulega stutt síðan framhaldsskólanemendur urðu lögum samkvæmt í forsjá foreldra sinna fyrstu árin í skólanum og segja má að bæði foreldrar, unglingar og framhaldsskólinn séu enn að aðlagast þeim samfélagslegu breytingum sem hækkun sjálfræðisaldurs hafði í för með sér. Fólk er smám saman að átta sig á mikilvægi þess að virkt samstarf sé milli heimila og framhaldsskóla, en í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2004 er kveðið á um gagnkvæmt upplýsingastreymi og samstarf. Könnun Elínar Thorarensen (2004) sýndi að eftir að sjálfræðisaldur hækkaði í 18 ár hafi foreldrar haft meira frumkvæði að því að hafa samband við skólana til þess að afla upplýsinga um börn sín. Náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum, sem talað var við í tengslum við þessa rannsókn, höfðu sömu sögu að segja og töldu að það færðist í

vöxt að foreldrar hefðu samband til þess að ræða mál tengd skólgöngu unglिंगanna með velferð þeirra að leiðarljósi.

Mikilvægi stuðnings foreldra á þeim tímamótum þegar unglingar eru að hefja nám í framhaldsskóla er augljóst. Skólaskyldu er lokið og allt í einu standa þau frammi fyrir því að bera sjálf ábyrgð á náminu. Þau hafa val um að halda áfram námi að loknum grunnskóla og langflest gera það, eins og áður hefur komið fram. Um leið eru skilaboðin hins vegar þau að námið sé á þeirra ábyrgð. Þetta hefur í för með sér miklar breytingar á lífi þeirra og mörg þroskaverkefni sem takast þarf á við. Þess vegna er svo mikilvægt að þau njóti handleiðslu foreldra sinna og fái stuðning frá þeim meðan þau eru að taka fyrstu skrefin í framhaldsskólanum. Foreldrar þurfa einnig fræðslu um hvernig þeir best geti stutt við bakið á unglिंगunum sínum í náminu. Þess vegna er virkt samstarf heimila og skóla nauðsynlegt til að skólaganga unglिंगa verði sem færslust.

Niðurstöður þessarar rannsóknar vörpuðu ljósi á hvaða merkingu unglingar í framhaldsskóla leggja í stuðning foreldra í námi. Viðtölin gáfu góða innsýn í hvers konar stuðning þau kjósa að foreldrarnir veiti þeim meðan á námi stendur. Vonandi geta niðurstöðurnar því nýst í samstarfi heimila og skóla, þar sem sameiginlegt markmið er að standa vörð um hagsmuni nemenda innan skólasamfélagsins.

5. Lokaorð

Eftir að hafa hlustað á ungmennin sem þátt tóku í rannsókninni þarf enginn að velkjast í vafa um að þau vilja sjálf fá stuðning frá foreldrum sínum. Þau þurfa á honum að halda og gera sér grein fyrir því. Ummæli eins viðmælanda lýsa því ef til vill best þegar hún segir: „Það er alveg bókað mál að það þarf styrkinn frá foreldrum“. Unglingunum finnst styrkur að fá aðhald við námið og að fylgst sé með framvindu þess. Þeir leggja mikla áherslu á að finna að foreldrarnir hafi áhuga á náminu og þó að þeim finnist mikill fengur að hafa aðgang að námslegri aðstoð heima við gera þeir ekki kröfu um að foreldrar búi yfir námslegri kunnáttu til að aðstoða. Unglingarnir meta það við foreldra sína að þeir bjóði fram aðstoð og reyni að hjálpa þeim og finnst mikilvægast að finna að foreldrarnir eru áhugasamir um námið.

Eftir að sjálfræðisaldurinn hækkaði í 18 ár nær ábyrgð foreldra á að tryggja persónulega velferð barna sinna inn í framhaldsskólann. Unglingarnir þurfa mikið á stuðningi foreldra sinna að halda á þeim tímamótum þegar þau eru að hefja nám í framhaldsskóla og fóta sig í nýju umhverfi. Hið mikla brotthvarf úr framhaldsskólum er staðreynd sem stöðugt þarf að vera á verði gagnvart og mest er hættan á að unglingar hverfi frá námi snemma á námsferlinum. Það er ekki ásættanlegt að stór hluti ungmenna skuli hverfa frá námi án þess að ljúka framhaldsskólaprófi og fari þannig á mis við ýmsa möguleika sem annars stæðu þeim opnir. Því er það meðal annars hlutverk náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum að liðsinna þeim nemendum sem eru í brotthvarfshættu og veita þeim nauðsynlegan stuðning og hvatningu. Unglingarnir hafa þörf fyrir að stutt sé við bakið á þeim, bæði í skólanum og á heimilinu, enda er litið svo á að stuðningur sé fyrirbyggjandi.

Nú þegar flestir unglingar fara í framhaldsskóla er enn mikilvægara að heimili og skólar vinni saman. Unglingarnir verða fyrir áhrifum, bæði á heimilinu og í skólanum. Góð tengsl þar á milli hafa áhrif á skólastarfið og samstarf heimila og framhaldsskóla hefur verið að þróast hér á landi síðustu ár. Náms- og starfsráðgjafar eru í lykilaðstöðu til að gegna þýðingarmiklu hlutverki í þessu

samstarfi. Foreldrar leita í auknum mæli til náms- og starfsráðgjafa eftir aðstoð og ráðgjöf og því er mikilvægt að hægt sé að veita foreldrum upplýsingar um hvers konar stuðning unglíngar í framhaldsskólanámi álíta að gagnist sér best. Þess vegna fannst mér svo mikilvægt að gera rannsókn, eins og hér hefur verið fjallað um, þar sem hlustað er eftir þörfum unglínganna sjálfra og leitast við að skilja þeirra sjónarmið. Þegar ég hafði samband við foreldrana til að fá leyfi til að taka viðtölin við unglíngana fann ég greinilega hve brýnt foreldrum þótti að fá ráðleggingar um hvernig þeir gætu orðið unglíngunum sínum að liði í náminu. Þeim fannst verðugt verkefni að kanna væntingar unglínganna til stuðnings í framhaldsskólanámi og á hvern hátt þeir vildu vera studdir. Greinilegt var að foreldrum er mikið í mun að styðja unglíngna sína en voru óvissir um hvernig það væri best gert eftir að unglíngarnir voru komnir í framhaldsskóla. Gildi rannsóknarinnar er því hagnýtt en það felst í því að aflað var upplýsinga með viðtölum um hvers konar stuðning unglíngar í framhaldsskóla kjósa að fá frá foreldrum og finnst jafnframt gagnlegastur með tilliti til frammistöðu í námi. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist bæði foreldrum unglíngar í framhaldsskólanámi og einnig náms- og starfsráðgjöfum í starfi og verði þannig til hagsbóta fyrir unglíngar í framhaldsskólanámi og stuðli að vellíðan og velgengni þeirra í námi og starfi.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. *Almennur hluti*. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Anguiano, R. P. V. (2004). Families and schools: The effect of parental involvement on high school completion. *Journal to Family Issues*, 25 (1), 61-85.
- Astone, N. M. og McLanahan, S.S. (1991). Family structure, parental practices and high school completion. *American Sociological Review*, 56, 309-320.
- Astone, N. M. og McLanahan, S. S. (1994). Family structure, residential mobility, and school dropout: A research note. *Demography*, 31(4), 575-584.
- Baumrind, D. (1966). Effects of authoritative parental control on child behavior. *Child development*, 37(4), 887-907.
- Baumrind, D. (1971). Current patterns of parental authority. *Developmental Psychology Monograph*, 4 (1 hl. 2), 1-103.
- Baumrind, D. (1989). Rearing competent children. Í W. Damon (Ritstj.), *Child Development Today and Tomorrow* (bls. 349-378). San Francisco: Jossey-Bass.
- Baumrind, D. (1991). Parenting styles and adolescent development. Í J. Brooks-Gunn, R. Lerner og A.C. Petersen (Ritstj.), *The encyclopedia on adolescence* (bls. 746-758). New York: Garland.
- Beekhoven, S. og Dekkers, H. (2005). Early school leaving in the lower vocational track: Triangulation of qualitative and quantitative data. *Adolescence*, 40 (157), 197-213.

- Bogdan, R.C. og Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theories and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Carbonaro, W. J. (1998). A little help from my friend' s parents: Intergenerational closure and educational outcomes. *Sociology of Education*, 71, 295-313.
- Coleman, J. S. (1987). Families and schools. *Educational researcher*, 16, 32-38.
- Creswell, J.W. (1998). Five qualitative traditions of inquiry. Í *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions* (bls. 47-72). Thousand Oaks: Sage.
- Darling, N. og Steinberg, L. (1993). Parenting style as context: An integrative model. *Psychological Bulletin*, 113(3), 487-496.
- Dornbusch, S. M., Ritter, P. L., Leiderman, P. H., Roberts, D. F. og Fraleigh, M. J. (1987). The relation of parentin style to adolescent school performance. *Child Development*, 58, 1244-1257.
- Durkin, K. (1995). *Developmental social psychology: From infancy to old age*. Cambridge, M.A.: Blackwell.
- Elín Thorarensen. (1998). Samstarf heimila og framhaldsskóla: Umfang og viðhorf nemenda, foreldra og kennara. *Uppeldi og menntun – tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 7, 23- 36.
- Elín Thorarensen. (2004). *Staða samstarfs heimila og framhaldsskóla á Íslandi í upphafi 21. aldar*. Sótt þann 23. apríl 2007 af http://www.heimilioskoli.is/heimilioskoli/upload/files/pdf/103_elint_framhaldsskolarogforeldrar.pdf.
- Epstein, J. (1995). School family community partnerships. *Phi Delta Kappan*, 76(9), 701- 712.

- Fan, X. (2001). Parental involvement and students' academic achievement: A growth modeling analysis. *Journal of Experimental Education*, 70(1), 27-61.
- Fan, X. og Chen, M. (2001). Parental involvement and students' academic achievement: A meta-analysis. *Educational Psychology Review*, 13(1), 1- 22.
- Feuerstein, A. (2000). School characteristics and parent involvement: Influences on participation in children' s schools. *Journal of Educational Research*, 94(1), 29-39.
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (2007, 30. mars). *Félag náms- og starfsráðgjafa og Heimili og skóli*. Sótt þann 23. maí 2007 af <http://www.fns.is/full.php?id=326&pagetype=frettir&offset=6&page=2>
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1993). Hætt í skóla: Nám og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftri tvö ár í framhaldssnámi eða fyrr. *Uppeldi og menntun*, 2, 53-67
- Goldschmidt, P. og Wang, J. (1999). When can schools affect dropout behavior? A longitudinal multilevel analysis. *American Educational Research Journal*, 36(4), 715- 738.
- Gonzalez, A. L. (2006). The relation between perceived parenting practices and achievement motivation in mathematics. *Journal of Research on Childhood Education*, 21(2), 203-217.
- Gray M. R. og Steinberg, L. (1999). Unpacking authoritative parenting: Reassessing a multidimensional construct. *Journal of Marriage and the Family*, 61, 574- 587.
- Grolnick, W. S. og Slowiaczek M. L. (1994). Parent's involvement in children's schooling: A multidimensional conceptualization and motivational model. *Child Development*, 65, 237-252.

- Hagstofa Íslands. (2004). Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002-2003. *Hagtíðindi. Skólamál*, 89(45), 1-11.
- Hagstofa Íslands. (2007). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2006. *Hagtíðindi. Skólamál*, 92(5), 1-36.
- Hoover-Dempsey, K. V. og Sandler, H. M. (1995). Parental involvement in children's education: Why does it make a difference? *Teachers College Record*, 97(2), 310-331.
- Jeynes, W. H. (2007). The relationship between parental involvement and urban secondary school student academic achievement: A meta-analysis. *Urban Education*, 42(1), 82-110.
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1992). Námsferill og námslok í framhaldsskóla. *Ný menntamál*, 10(3), 22-23.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. [Reykjavík] : Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Keith, T. Z., Reimers, T. M., Fehrmann, P. G., Pottebaum, S. M., Aubey, L. W. (1986). Parental involvement, homework, and TV time: Direct and indirect effects on high school achievement. *Journal of Educational Psychology*, 78(5), 373-380.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson (2003). Brottfall úr framhaldsskóla: Afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 669-678). [Reykjavík]: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage.

- Lamborn, S. D., Mounts, N. S., Steinberg, L. og Dornbusch, S. M. (1991). Patterns of competence and adjustment among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglected families. *Child Development*, 62, 1049-1065.
- Lögræðislög nr. 71/1997.
- McNeal, R. B. (1999). Parental involvement as social capital: Differential effectiveness on science achievement, truancy and dropping out. *Social Forces*, 78(1), 117-144.
- Milgram, N. og Toubiana, Y. (1999). Academic anxiety, academic procrastination, and parental involvement in students and their parents. *British Journal of Educational Psychology*, 69, 345-361.
- Muller, C. (1998). Gender differences in parental involvement and adolescents' mathematics achievement. *Sociology of Education*, 71, 336-356.
- Natriello, G. og McDill, E. L. (1986). Performance standards, student effort on homework, and academic-achievement. *Sociology of Education*, 59(1), 18-31.
- OECD (2005). *Education at a Glance. OECD Indicators 2005*. Paris: OECD.
- Pong, S. L. og Ju, D. B. (2000). The effects of change in family structure and income on dropping out of middle and high school. *Journal of Family Issues*, 21(2), 147- 169.
- Rumberger, R.W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American educational research journal*, 32(3), 583-625.
- Rumberger, R. W. (2004). Why students drop out of school: Confronting the graduation rate crisis. Í G. Orfield (Ritsstj.), *Dropouts in America* (bls. 131-155). Cambridge, MA: Harvard Education Press.

- Rumberger, R.W., Ghatak, R., Poulos, G., Ritter, P.L., Dornbusch, S.M. (1990). Family influences on dropout behavior in one California High school. *Sociology of Education*, 63, 283-299.
- Rumberger, R. W. og Thomas, S. L. (2000). The distribution of dropout and turnover rates among urban and suburban high schools. *Sociology of Education*, 73, 39-67.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11- 23.
- Slicker, E. K. (1998). Relationship of parenting style to behavioral adjustment in graduating high school seniors. *Journal of Youth and Adolescence*, 27(3), 345-372.
- Spera, C. (2005). A review of the relationship among parenting practices, parenting style, and adolescent school achievement. *Educational Psychology Review*, 17(2), 125- 146.
- Spera, C. (2006). Adolescents' perceptions of parental goals, practices, and styles in relation to their motivation and achievement. *Journal of early adolescence*, 26(4), 456-490.
- Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of research on adolescence*, 11(1), 1-19.
- Steinberg, L., Elmen, J. D. og Mounts, N. S. (1989). Authoritative parenting, psychosocial maturity, and academic success among adolesens. *Child Development*, 60, 1424-1436.
- Steinberg, L. Lamborn, S. D., Darling, N., Mounts, N. S. og Dornbusch S. M. (1994). Over- time changes in adjustment and competence among adolescents

from authoritative, authoritarian, indulgent, and neglectful families. *Child Development*, 65, 754-770.

Steinberg, L., Lamborn, S. D., Dornbusch, S. M. og Darling, N. (1992). Impact of parenting practices on adolescent achievement: Authoritative parenting, school involvement and encouragement to succeed. *Child Development*, 63, 1266-1281.

Steinberg, L., Mounts, N. S., Lamborn, S. D., Dornbusch, S. M. (1991). Authoritative parenting and adolescent adjustment across varied ecological niches. *Journal of Research on Adolescence*, 1(1), 19-36.

Strage, A. og Brandt, T. S. (1999). Authoritative parenting and college student's academic adjustment and success. *Journal of Educational Psychology*, 91(1), 146-156.

Swanson, C. B. og Schneider, B. (1999). Students on the move: Residential and educational mobility in America's schools. *Sociology of Education*, 72, 54-67.

Warren, J. R. og Lee, J. C. (2003). The impact of adolescent employment on high school dropout: Differences by individual and labor-market characteristics. *Social Science Research*, 32, 98-128.